Stofa 6 al á lengd 5 al. 3 þuml á breidd með þili framan undir, með 6 rúðu glugga fagi. Húsið er í 2 stafgólfum

alþiljað með lofti og gólfi; uppreftið er en gömlum
hjalið, enn þétt reft. á lofti er 2 rúðugluggi og er önnur
rúða brotinn, Hús þetta er nokkuð svarað (?) enn þó
að sjá stæðilegt. Viðir allir eru allir gamlir og farnir
að feiskjast, Í húsi þessu er lokrekkjurúm með (?)
stigahúsi við stafninn upp á loftið. Skrálæst hurð er
fyrir húsinu, Veggir eru gamlir og fúnir enn þak gott.

No 3.

Bæardyr með afþiljaðu kamersi, 4 al 3/4 á lengd 6 al
9 þuml á breidd með þili framan undir og með 6 rúðuglugg
niðri sömuleiðis 6 rúðuglugga uppi á lofti og eru þar
2 rúður brotnar, Loft er í húsi þessu með þiljaðu stiga
húsi án læsingar enn fyrir kamersinu er hurð með læsing.
Hús þetta er í 2 stafgólfum með port, vengahurð er fyrir
dyrunum með klinku og keng í slaf. Viðir í húsi þessa
eru að sjá ófúnir og húsið hið stæðilegasta bæði að viðum
og veggjum, Í sjálfum gánginum enn að skellidyrunum
er hjalagólf. Skarar fyrir dyrunum með 2 hurðum fyrir
og klinku og keng.

No 4

Gáng frá bæardyrum til baðstofu 7½ al á lengd 1 al ⅓ al
á breidd með 2 skellihurðum og hurð fyrir baðstofudyrum
gáng þessi eru flatreft með fúnum við

No 4

Búrhús 5 al á lengd 5½ al á breidd sperrureist í
2 stafgólfum við suðurhlið hússins er afþiljaðan
gangur til baðstofudyra og er sá gangur tekinn inn

í lýsingu á gánginum. Húsið er með langböndum
og risaþil (?), með 3 rúðuglugga á suðurhlið, með heilum
rúðum, þili stafn er á milli sk. bæardyra og búrsins
Hús þetta er ekki allt fyrir löngu byggt, og viðir þess
ekki að sjá stórum gallaðir enn þó farnir að blotna
og feiskjast. Skrálæst hurð er fyrir húsi þessu. Veggir sem
tilheyra húsi þessu eru stæðilegir og þak brúklegt

No 5

Eldhús. 7½ al á lengd 5½ al á breidd sperrureist í 3 staf-
gólfum þver og langreft, með að sjá litið fúnum. 2 veggja (?)
rúðugluggar eru á suðurhlið og er ein rúða úrfallin
2 strompar eru á húsinu, annar úr tré, Veggir eru
stæðilegir og þak sömuleiðis

No 6.

Skemma 5 al 3 kvartil á lengd 5 al ½ al á breidd í þremur
stafgólfum með þili framan undir með hurð og lás fyrir
Hús þetta er sperrureist með langböndum uppreft er úr
[illegible] borðum sem er þver og langreft, Hús þetta er
hið stæðilegasta bæði að viðum og veggjum

No 7.

Fjós fyrir 6 nautgripi með veggláum, og jötum tilheyr
andi stoðum, og milli ungjörðum milli bása. Veggir
eru stæðilegir viðir sterkir og þeim vel fyrir komið
gangur til dyra er að mestu þvorreftur (?) en sterkum
við. þil er fyrir á dyrum með hurð fyrir á járnum
Brunnhús er áfast við fjósið vel uppbyggt með brunn-
fötu og ásliánni keðju og tilheyrandi tréverki kringum
brunninn. Hurð er á járnum fyrir fjósdyrunum.

No 8

Salerni austan úr Eldhúsi með lélegum veggjum og gömlum við, með hurð fyrir á járnum

No 10

Fjárrétt sem tekur um 400 fjár og hví ar fyrir fullkom 100 ár, þetta hverlaeggja í slæma dag komalagi

No 11.

Gangur er göngum til baðstofu. 3 al á lengd 1½ al á breidd, þiljur og langreftur af fornum við með hurð fyrir á járnum.

Metið álag

| | | |
|---|---|---|
| á Húsið No 1. | 160 kr | |
| — „ — „ 2. | 55 „ | |
| — „ — „ 3. | 16 „ | |
| — „ — „ 4 | 15 „ | |
| — „ — „ 5 | 10 „ | |
| — „ — 6. | 7. | 50 |
| — „ — 7 | 18 „ | |
| — „ — 8. | 4 „ | |
| alls. | 285, | 50. |

Fjárhús fyrir 24 sauðkindur króarnýtt með vegglegum á annarri hlið, Hús þetta er þiljur og langrefti af gömlum við sumpart fúnum, og er álag metið á það — 10 kr, svo álagið verður alls. — 295. 50 a

og er upp í þetta álag látið

| | |
|---|---|
| Ytra sauðhús út á túni | 28. „ |
| Syðra | 36 |
| | fl. 64 „ |

| | |
|---|---|
| flutt | 64. „ |
| Hlöðu | 26. „ |
| Hrútakofi | 3. 50 |
| alls | 93. 50 |

Mismun þess eptir af álaginu að ¾ pörtum álagsins 128 kr. 12 aur. sem hjájarðareigandi er hann lofar að borga rentu af þar til áður við verður um samið.

Fleyra var ekki fyrir tekið og er þar úttektargjörðinni lokið.

Ingvar Þorsteinsson  Jón Guðmundsson
Jónas, Ellindsson, J Sveinsson
(Handsalað)

Ár 1895 föstudag hinn 17. maí mánaðar var hreppstjóri Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum til staðar á Mosfelli ásamt úttektarmanni Jóni bónda Guðmundssyni á Guðlaugsstöðum til þess að úttaka og meta sanngjarnt álag á hús téðrar jarðar þar Halldór bóndi Sæmundsson er búið hefur á jörðinni rúmt 4 ár skilar henni í hendur á búnd sínum og umráðum til Árna bónda Hallgrímssonar og eru þeir báðir hér við staddir. Jörð þessi er eign dánarbús Þorbjargar sál. Árnadóttur á Reykjum og er Kristján bóndi Sigurðs. á Reykjum mættur hér fyrir hönd dánarbúsins.

Uppskriptar úttektin fram fer því sem fylgir

No 1

Baðstofa með sömu skorð og úttektargjörðinni hér að framan tilgreinir og virðist hús þetta koma ~~koma~~ líkt fyrir sjónir og nefnd úttektargjörð bendir til að öðruleiti enn því að ein rúða hefur brotnað í glugga

No 2

Göng frá baðstofu til bæardyra í sama formi og nýnefnd úttektargjörð bendir til göngunum enn lángrept með fornum við, ótt hurð afflak er í göngunum enn fráfarandi hefur að látið hurð í göngunum þar hana vantar eptir því sem fyrri úttektin skýrir frá

No 3.

Bæardyr í sama formi og áður var í 2 stafgólfum sperrureistar með 3 lángböndum á hlið með tilsvarandi stoðum upprepti er af fjalavið, þil er framan undir litað úr óflettum borðum með vindskeiðum Hurð er fyrir á járnum með klinku og loku, þil er í göngunum úr flettum borðum með hurð á járnum fyrir með klinku og keng í staf.

No 4

Skáli með sömu skorð og var, fráfarandi hefur byggt báða hliðveggi og sett lángbönd á suðurhlið, viðir enn fúnir og húsið snarað

No 5

~~Eldhús með~~ sömu skorð og áður var og kemur líkt fyrir sjónir og við næstu úttekt

No 6

Búrhús með sömu skorð og var og sama ábyggingarlagi og segist fráfarandi ekki hafa átt réttindi til hús þetta nema sett í þak glugga

No 7

Skemma 7 al á lengd 3½ al á breidd í 3 stafgólfum sperrureist með 3 lángböndum á hlið, Grindin í húsi þessu er úr nýlegum við enn heldur grönnum Upprepti er úr gömlum við að mestu leiti; þil er framan undir úr óflettum borðum litað með vindskeiðum Hurð er fyrir með læsingu, Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum að öðruleiti enn því að það er nokkuð snarað til austurs

No 8

Fjós yfir 3 nautgripi með ránghala til dyra fallið að viðum og veggjum, enn með jötustoðum

No 9

Fjóstótt með snörðum veggjum

Metið í álag.

| | |
|---|---|
| á húsið no 1. | 105 |
| N. — 2 | 3, 50 |
| N. — 3 | 00 00 |
| N. — 4 | 18. 00 |
| N. — 5 | 6 00 |
| N. — 6 | — 00 00 |
| | 132 50 |

flutt 132 - 56

| | |
|---|---|
| No 7 | 17. oo |
| N. 8 | 16 oo |
| N. 9 | 2 |
| | 168 56. |

Upp í álag þetta er borgað

| | |
|---|---|
| Hey við Gérðishús | 28. oo |
| Hey við hálhús | 47. 50 |
| Hey við hesthús | 20 oo |
| Gérðishús | 30 oo |
| Kofi þar við | 7 oo |
| Hálhús | 28. oo |
| Kofi þar við | 17. oo |
| Stekkur á Skérinu | 15 oo |
| Tadi í fjárhótt | 38. 500 |

Frá farandi hefur sléttad í túni 337. fadma og er það sæmilega af hendi leist, að undanskildu því að það sem sléttað var í fyrra er enn óbarið niður og er sú slétta 130 fadmar. Skurðinn fyrir ofan tún með garði á innribrún 7. feta breiðan 38 fadma langan 1 stunga á dýpt skurðurinn til uppþurrdunar norðan á túni 120 fadma langur og 2ja feta breiður, sem þarf nauðsynlegra undir bátar. Kálgarðinn að innanmáli 28 fadmar og er

garðurinn þessi vel hladinn nema norðurveggurinn er gallaður á parti. Til að gjörðar á skurði á norðan á túni og að berja niður nýju sléttunni, álítum við að þurfi 2 dagsverk er við metum 5 krónur. — Viðtakandi og fráfarandi lofa að koma sér saman um greiðslu á þeim 62 kr 50 aur. sem fráfarandi hefur látið úttektarmenn meta hér á jörðunni og sem viðtakandi gengur að að kaupa. Þar ágreiningur hefur orðið milli fráfarandi og viðtakandi hvorjum beri endurbót á skurðinum út á túninu og berja niður nýja slétta hafa þeir komið sér saman um að fá 3 menn til að afgjöra ágreining þenna og eru til þess nefndir Þorleifur í Stóradal Brynjólfur í Litladal og Þorsteinn á Grund

Heyin var ekki fyrir tekið og er því úttektinni lokið

Ingvar Þorsteinsson Jón Gudmundsson

Halldór Sæmundsson

Árni Hallgrímsson

Fyrir hönd dánarbúsins móður minnar

Kristján Sigurdarson

Ár 1895, mánudaginn 20. maí var hreppstjóri Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum ásamt úttektarmanni hreppsins til staðar á Syðri Löngumýri, til þess að taka út og meta sanngjarnt álag á hús nefndrar jarðar, þar sem Brynjólfur bóndi Gíslason skilar jörðinni undan ábúð sinni til Þorleifs Jónssonar, sem hingað er fluttur, og eru þeir báðir hjer til staðar. Úttektargjörðin fram fer því sem fylgir:

Eptir að við höfum skoðað hús tjeðrar jarðar, sem eru 9 að tölu, hin sömu, sem talin eru í úttektargjörð 6. júlí 1894, virðist okkur þau í svipuðu ásigkomulagi, sem þá, að öðru leyti en því, að í húsinu № 2 (búrinu) eru 2 rúður brotnar fram yfir það, sem brotið var við úttektina í fyrra og í húsinu № 3 (eldhúsinu) eru nú báðar rúðurnar brotnar, en önnur að eins brotin við úttektina í fyrra. Í húsinu № 7 (skemmu) hefur mænitróð brotnað síðan í fyrra í 2 stafgólfum. Aptur á móti hefur fráfarandi endurbætt þök á húsunum № 3, 5 og 8 (eldhúsi, bæjardyrum og fjósi).

| | | | |
|---|---|---|---|
| Metið álag á húsið | № 1 | Kr. | 45.00 |
| " | № 2 | | 21.00 |
| " | № 3 | | 7.00 |
| " | № 4 | | 32.00 |
| " | № 5 | | 13.50 |
| " | № 6 | | 11.00 |
| " | № 7 | | 12.00 |
| " | № 8 | | 7.00 |
| " | № 9 | | 7.00 |
| " | № 10 | | 1.25 |
| | | Kr. | 156.75 |

Af hins vegar skrifaðri upphæð ber fráfaranda að borga 4/5 eða kr. 125.40
og álag á reimin í ~~suður~~ [vestur] húsi baðstofunnar . . . - 2.50

Samtals kr. 127.90

Upp í þetta borgar hann
1 fjárhús úti og uppá túni kr. 18.00
2 do uppi á túni . . . - 32.00
1 do suður á túni . . - 30.00
Hesthús niður á túni . . - 13.00
Smiðjukofa . . . - 5.00 98.00
en hitt, að upphæð . . . kr. 29.90
vísar hann á hjá jarðareiganda; en
sú upphæð látin standa hjá jarðeiganda,
svo að viðtakandi þarf eigi neið kaut-
för sína að standa skil á, meira en
áðurnefndum 98 kr.

Viðtakandi kaupir af fráfaranda

lausaruim á . . . . . kr. 7.00
bord og hyllu í baðstofu . . - 0.80
karnilát í dyraloftí . . . - 1.50
27 hesta af töðu á 2 kr. 80 a. . . - 75.60
brunnferti . . . . . - 2.25
Hey upp við hús, 40 hestar á 1.50 - 60.00
hey suður við hús, 50 do á 1.25 - 62.50
hey niður við hús, 36 do á 1.40 - 50.40
Samtals kr. 260.05

þar af lofar viðtakandi að borga á
næsta hausti 110 kr. 5 a., en 150 kr.
fyrir árslok 1896 og svara 4%
rentu af þessum 150 kr. frá 1. jan.
1896 til borgunardags.

Úttektargjörðinni er lokið.
Ingvar Þorsteinsson Jón Guðmundsson
Brynj. Gíslason Þorleifur Jónsson

Ár 1896 laugardaginn hinn 30 maí m. var hreppstjórinn í Svínavatnshreppi Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum til staðar á Syðrilöngumýri ásamt úttektarmanni hreppsins Jóni bónda Guðmundssyni á Guðlaugsstöðum, til þess að úttaka og meta samngjarnt álag á hús nefndrar jarðar, þar alþingismaður Þorleifur Jónsson skilar jörðinni að 4. ~~fimm~~ ~~fjórða~~ ábúðarárinu og umráðum til Magnúsar Björnssonar og eru þá hæðir hér viðstaddir úttektargjörðin fram mun fer þá sem fylgir

No 1

Baðstofan sem er No 1. í úttektargjörðinni frá 1894. tjáist koma mjög líkt fyrir og þá að öðruleiti en því að hún hefur verið lengd um hálft stafgólf til vesturs, sem viðtakandi kaupir af fráfaranda eptir mati úttektarmanna 2 rúmum gjörði varla í húsið, sem koma fram í álaginu

No 2

Búrhús kemur svipað fyrir sem í næstu úttektargjörð utan lángbönd er brotið á norðurhlið.

No 3.

Eldhús er að öllu leiti einn og lýst er í næstu úttektargjörð.

No 4.

Stofuhús, hefur verið endurbætt settur nýir gluggar og endurbættur inngángur

No 5

Bæardyr, eru í svipuðu ásigkomulagi og við næstu úttektargjörð.

No 6

Göng frá bæardirunum til baðstofu hefur eðlilega fyrnst, þar það er fullt af raka hefur þó hvergi brotnað inn síðan næstu úttekt fór fram

No 7

Skemma er að sjá í sama ásigkomulagi og við næstu úttekt.

No 8

Fjós, er svipað og við næstu úttekt,

No 9

Ránghali til heystæðar hefur frá því sem ask var úttekið sígið lítið eitt saman frá því næstu

úttekin

No 10

Brunnhús rángbali kémur saman fyrir og við úttektina sdd. —

| | | |
|---|---|---|
| Álag metið á húsið | No 1 | kr. 50.00 |
| — " — " — — " — | No 2 | — 26.00 |
| — " — " — — " — | No 3 | — 8.50 |
| — " — " — — " — | No 4 | — 18.00 |
| — " — " — — " — | No 5 | — 15.00 |
| — " — " — — " — | No 6 | — 13.00 |
| — " — " — — " — | No 7 | — 14.00 |
| — " — " — — " — | No 8 | — 8.50 |
| — " — " — — " — | No 9 | — 8.00 |
| — " — " — — " — | No 10 | — 2.00 |
| | Samtals | kr. 163.00 |

Af framanskrifuðu álagi ber fráfarandi að borga 4/5 eða . . . kr. 130.40

og álag á 2 rúm í vesturhúsi baðstofunnar . . . — 4.00

Samtals — kr. 134.40

Þetta álag borgar fráfarandi með

| | |
|---|---|
| 1 fjárhúsi úti og uppi á túni | kr. 17.00 |
| 2 fjárhúsum uppi á túni | — 29.00 |
| 1 fjárhúsi sunnan á túni | — 27.00 |
| 1 hesthúsi niður á túni | — 12.50 |
| smiðjukofa án stallfjalar | — 5.00 |
| hjá jarðareiganda samkvæmt úttekt 20. maí 1895 | — 29.90 |
| hjá Guðrúnu Þorvarðardóttur á Syðrilángumýri | — 3.20 |
| þiljum í húsi | — 2.70 |
| brunnfesti | — 2.00 |
| bendi og hyllu í baðstofu | — 0.80 |
| af venti fyrir viðauka við niðurhúsið í baðstofunni | 5.30 |
| Samtals kr. | 134.40 |

Viðtakandi kaupir af fráfaranda

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Viðauka við húsið í vestur hús badstof-unni á 49 kr., en þar af hefur verið reikn-að upp í álag kr. 5.30, eptir . . | kr. 43.70 |
| 2. | Lausan við fjenu . . . | — 30.68 |
| 3. | hey við smiðjukofa 25 hesta á 60 a. | — 15.00 |
| 4. | hey niður við hesthús, 24 hesta á | — 13.00 |
| | Samtals | kr. 102.38 |

Þar af ganga 35 kr. upp í landsskuld, sem fráfarandi ber að greiða af jörðinni fardagaárið 1895–96, (en hitt af landsskuld-inni (35 kr.) greiddi fráfarandi viðtakanda nú í peningum.) En af þeim 67 kr. 38 a., sem þá standa eptir hjá viðtakanda af ofannefndum 102 kr. 38, lofar hann að borga 47 kr. 38 a. í innskript við verslun

J. Ag. Møllers á Blönduósi fyrir lok næst komandi október mánaðar, en 20 kr. ganga upp í borgun fyrir væntanlega hirðing á fje, [sem] viðtakandi hirðir fyrir fráfaranda ~~hefur á heygjöfum~~ á Syðri Löngumýri næst komandi vetur. ~~[illegible]~~

Fleyra var ekki tekið fyrir og er því úttektargjörðinni lokið.

Ingvar Þorsteinsson Jón Guðmundsson

Þorleifur Jónsson Magnús Björnsson

Ár 1896 miðvikudag hinn 17. júní var hreppstjórinn í Svínavatnshreppi Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum til staðar í Litladal ásamt úttektarmanni hreppsinns Jóni Guðmundssyni á Guðlaugsstöðum, til þess að úttaka og meta sanngjarnt álag á hús nefndrar jarðar, þar sem ábúandi sem verið hefur nærst. 10 ár, frú Sigríður Eiríksdóttir skilar jörðinni undan ábúð sinni og umráðum til

tengdasonar síns Brynjolfs Gíslasonar sem hér er
viðstaddur, ásamt umráðamanni jarðarinnar
síra Stefáni M. Jónssyni á Auðkúlu, úttektargjörðin
fer því fram sem fylgir

No. 1.

Baðstofa í sama formi og úttektargjörðinni af 15 júní
1886 í bókinni hér að framan tilvísar. Í húsi þessu eru nú
4 rúðu brotnar, biti er brotinn við suðurstafn í húsinu
og lausholt brotið og fúið á vesturhlið, gólf er víða brotið
í húsinu, og sumstaðar niðurtyjað í framanbaðstofu

No 2

Búrhús gál á lengd 4 al 1 hvartil á breidd með ~~[illegible]~~
hurð fyrir og 2 prígg, rúðu gluggum á mæni, Húsið er
með 4 sperrum 4 langböndum á hlið og reisifjöl, einn
stoð er brotin í suðurhorni, og fúinn endi af sperru á
vesturhlið, stoðir við austurhlið eru lítið eitt niðursignar
veggir eru fúnir eru þó gott. Neðsta langband á
suðurhlið er brotið.

3

Eldhús með sömuslóð og næsta úttekt tilvísar
að öðru leiti er það lítið snarað til austurs –

No 4

Skáli 8 al 1/2 al á lengd 3 al 1/8 á breidd með 4 sperrum
8 stoðum. Langbönd eru í stabbinum, sem óviða standa
hérinstreut við annað 4 rúðu gluggi er á mæni og er einn
rúða brotinn, Hurð er á járnum fyrir húsinu Biti og sperra
er brotið Veggir og grind er snarað, ~~[illegible]~~
~~[illegible]~~. það er gott.

No 5.

Bæardyr í sama formi og næsta úttekt tiltekur, en nú vel
uppbyggðar.

~~No 6~~

~~Gangur framan af búri 4 al 1/4 á lengd. 3 al 1/4 á breidd~~
~~með 4 stoðum 2 sperrum~~

No 6

Gangur frá Bæardyrum inn að Maskínuhúsi 4 1/4 al á
lengd 3 1/4 al á breidd með 4 stoðum og 2 sperrum. með lang
bandastúfum og reisifjöl. skilist sem jarðarhús

No 7

Maskínuhús 3 al á lengd 4 1/2 al á breidd með 4 lang
böndum og reisifjöl. ~~Gangur til baðstofu er gegnum húsið jafnt að~~
~~breidd og sídasta úttekt tilvísar~~ skilist sem jarðarhús

No 8

Fjós yfir 6 Nautgripi með 8 stoðum undir 2 um vegg-
lægjum og 8 stoðum undir 2 um mæni ásamt með hurð á
járnum fyrir og mæniglugga og eru allar rúður brotnar

Tilheyrandi spiltvark umgjörðin er á milli bása úr hálum borðum og jötur með jötustokkum utan á einum bás. Viðir í hverju þessu eru sterkir og stöngerðir, eru sjáefragt nokkuð fúnir. Við eigendaskifti útteki fylgdi jörðinni að eins fjós yfir 4 nautgripi. Veggir eru nokkuð ognum skeiðilegir og þak gott.

No 9

Ránghali til utidyra og fjósföttar, fullar 11 al á lengd og 1.½ al á breidd sperrureistur og er viður sumpart bráklegur en sumpart fúinn. Veggir eru gamlir og galladir enn þak bærilegt

| | | | |
|---|---|---|---|
| Álag metið á húsið | N. 1. (Baðstofa) | . . kr | 130 |
| ——— " ——— | N. 2 Búrhús. (19,44 oo | | 19,44 |
| ——— " ——— | N. 3 Eldhús . . | oo | 16 oo |
| ——— " ——— | N. 4 Skáli . . | oo | 20 oo |
| ——— " ——— | N. 5 Bæardyr . . | . oo | oo |
| ——— " ——— | N. 6 Gangur frá dyrum til Maskínuhús | oo | oo oo |
| ——— oo ——— | N. 7 Maskínuhús . — | | oo oo |
| ——— " ——— | N. 8 . . . . | | 22 oo |
| ——— " ——— | N. 9 . . . . | | 4 oo |
| | | alls . | 211 44 |

og er það borgað þannig

| | | |
|---|---|---|
| Loft og fleyra í Bæardyrum . . | kr. 38 | |
| við auki við Búr að 4/9 pörtum . . | 11. 50 | |
| ——— " ——— við fjós 1/3 hluta . . | 7. | oo |
| Brunnhús . — — — . | 5 | oo |
| Skemma með lofti — — . | 30 | oo |
| Austurkofi — — — . | 15 | oo |
| 2 fjárhus og hesthús — — — . | 95 | 44 |
| Hesthúskofi — — — . | 15 | oo |
| Gólf í baðstofu — — — . | 5 | oo |
| alls | 211. | 44 |

Viðtakandi og fráfarandi kofa komið sér saman um það eins kugildi sem jörðinni tilheyrir

Úttektargjörðinni er lokið

Ingvar Þorsteinsson Jón Guðmundsson

Sigríður Eiríksdóttir. Brynj. Geilanz

Stefán M. Jónsson

Ár 1897 laugardag 10 júní var hreppstjórinn í Svína-
vatnshr. Ingvar Þorsteinsson til staðar á Hamri ásamt úttekt-
armanni hreppsins Jóni bónda Guðmundssyni til þess að
úttaka og meta samgjarnt álag á hús nefndrar jarðar
sem nú er skilað undan 9 ára ábúð. Jósefs sál Þórðarsonar
til bóndans Eyjólfs Benediktssonar er flutti sig að jörðinni
í næstu fardögum. Fram var lagt byggingarbréf
fyrirverandi ábúenda jarðarinnar

No 1

Baðstofa 8¼ á lengd innan þilja 5½ al á breidd
einnig innan þilja 4 al á hæð undir mæniás(?)
með 8 stoðum undir á hvorri hlið 1 al 15 þuml á
hæð, lausholtum bygga(?) megin tveimur stafir(?)
bitum 4 sperrum 3 langböndum á hlið og mæni-
tré. Slagþ(?) reisifjöl er á húsi þessu og 2 bind
ingsverk(?) 6 rúðu gluggi er á vesturhlið og 2

tveggja rúðu gluggar og eru 3 rúður brotnar og í
einni þeirra fallið, og gluggakistur fúnar og sömu-
leiðis gluggar sérdeilis 2 nyrstu. Hús þetta er
snarað til norðurs um 3½ þuml og til austurs um
2½ þuml. Viðir í dyrastafgólfi eru meira og minna
fúnir og slæmt við baðstofudyr að grautfúin og klæðin(?)
af tappa. Viðir í 2 innri stafgólfum eru gamlir
og feyskin en að sjá ekki mjög fúnir nema við
suðurstafn er reisifjöl fúin. Hurð er á járnum
fyrir baðstofudyrum með klinku, og er hurðin
léleg.

No 2. (Búr)

Búrhús 4 al á lengd 5 al á breidd í 2 stafgólfum
sperrum reist með langböndum. Upprefti er af þaki(?) að
mestu leiti. Hurð er á járnum fyrir dyrunum með hespu
og kengi í staf. Tveggja rúðu gluggi er á mæninn. Veggir
eru gamlir og að ofan inn þeim fallið að innan þak er
gott, og ber ekki á snara

No 3. (Eldhús)

Eldhús 5 al á lengd 4½ al á breidd með 3 stoðum með
hvorri hlið, 3 bitum 3 sperrum og lausholtum og 3 lang-
böndum á hlið. Upprefti er af þakið og snara við 2 rúðu
gluggi er á austurhlið og eru báðar rúður brotnar
Hleðslur(?) eru vel upphlaðnar. Veggir eru gamlir en
staðlegir þak slæmt og strompa vantar

No 4.

Skáli að sunnanverðu við bæardyr í 2 stafgólfum sperrureistur með 3 stoðum á hverri hlið og lausholtum 3 bitum 3 sperrum og 3 langböndum á hlið. yfirrepti er mest af hjalvið, sem allur er meira og minna fúinn, en grundvinn er að sjá ófúinn en tróðið til austurs um 2½ þuml. og til norðurs um 1. þuml. Hálfþil er til suðurs með 6 rúðu glugga og eru 3 rúður innfallnar og en 4 brotnar, þil er inni í göngum með skrá læstri hurð fyrir. Veggir eru nokkuð staðlegir nema fallið úr horni á austurvegg þak er brúklegt.

No 5

Bæardyr framan af skálanum á lengd 4 al 11 þuml á breidd 3 al 11. þuml. með 2 stoðum við eldhússtafn 2 sperrum 2 langböndum á vesturhlið og einu á austurhlið, mænitréð er brotið, og upprefti af sumpart fúinn við og sumstaðar innbrotið

No 6

Fremri bæardyr lengd 2 al breidd 2 al. 21 þuml með 3 stoðum 2 lausholtum, þil er fyrir en ófléttum borðum listað og með vinskeiðum. Hurð er fyrir bæardyrunum með loku og klinku. Þriggja rúðu gluggi er fyrir ofan bita þar af ein brotin og tveggja rúðu gluggi er ofan á þili og önnur brotin. Þil er á milli bæardyranna, með hurð fyrir, þak er brúklegt

No 7,

Göng frá baðstofu til dyra 4½ al á lengd 1 al 7 þuml á breidd. Hurð er við skellidyr á járnum, að öðruleiti mega göngin heita fallin

No 8.

Fjós yfir 6 nautgripi með 8 hlíðarstoðum undir veggleinum og 8 stoðum undir 2 mæniásum með 25 mættarröftum á mæniása og þverrepti yfir 2 rúðu gluggi er á húsinu og báðar rúður brotnar Hurð er á járnum fyrir dyrunum. Húsið er nokkuð snarað og tróð á viðum sumstaðar brotin, Veggir eru brúklegir og þak gott. Ranghali frá útidyrunum til heytóttar 8½ al á lengd. 2 al á breidd þver og langrefti með léleyum við. Hurð er á járnum fyrir dyrunum Veggir og þak er nýtilegt

| | | | |
|---|---|---|---|
| Metið álag á húsum | No 1. | — | Kr. 115.00 |
| —— " —— | No 2 | — | 10.00 |
| —— " —— | No 3. | — | 7.00 |
| —— " —— | No 4 | — — | 20.00 |
| | | | 152 |

//

| | | |
|---|---|---|
| | Fluttar. | Kr 152 00 |
| Metið álag á húsið | No 5 | 10 00 |
| ——— " ——— | No 6 | 6 00 |
| ——— " ——— | No 7 | 7 00 |
| ——— " ——— | No 8 | 10 00 |
| ——— " ——— | No 9 | 22 00 |
| | // | 207. |

Upp í álag þetta telur viðtakandi eptir mati úttektarmanna

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Lausaviður og Nautabönd | Kr. 13.80 |
| 2 | Syðra fjárhús suður á túni | 28.00 |
| 3 | Ytra ——— " ——— | 24.50 |
| 4 | Kofa við þessi hús | 6 00 |
| 5 | Lambhús uppi á túni | 14.00 |
| 6 | Kofi út á túni | 6 00 |
| 7 | Innbygg í baðstofu og 5 rúmstæði | 36 00 |
| 8 | Loft - baðdyrum | 10 00 |
| 9 | Kofa á hlaði | 4.50 |
| 10 | Þil - baðdyrum | 6 00 |
| | // | 148.80 |

Standa þá eptir Kr, 58,20, en viðtakandi

krefst að sjer sje borgað hið fyrsta af dánarbúi Jóseps sál. en kveðst þó einn ekki hafa áttað sig á því, hvort hann geti gjört sig ánægðan með úttekt þessa, og vill því ekki í þetta sinn skrifa nafn sitt undir hana til samþykkis.

Jónas bóndi Bjarnason á Ósum, sem eptir skipun viðkomandi sýslumanns mætir við úttekt þessa fyrir hönd dánarbús Jóseps sál. skrifar heldur ekki undir úttektina nú, en segir að álags eptirstöðvarnar muni borgaðar strax og skipti á dánarbúinu sjeu afstaðin. Hann lofar að sjá um að kúgildi jarðarinnar afhendist viðtakanda í forsvaranlegu standi.

Eptir byggingarbrjefi Jóseps sál. var honum gjört að skildu að vinna árlega nokkuð að jarðabótum, en þar er ekki hægt að taka út, því enginn þeirra er viðstaddur sem veit fyrir víst hvað af jarðabótum hefur verið unnið þann tíma sem hann

hjá á Hamri; en það úttektarmönnum kunn-
ugt að hann útgjettaði tölvert í tíma jarðarinnar
og að hann hin síðari ár var í búnaðarfjelagi
hreppsins og að vinna sú er hann með því fjekk
gekk til túnasljettu.

Fleira kom ekki til álita, er því úttektinni lokið.

Ingvar Þorsteinsson Jón Guðmundsson

Ár 1899 mánudaginn hinn 5 júní m. var hreppstjórinn
í Svínavatnshreppi Ingvar Þorsteinsson á Sólheimum
til staðar á Mosfelli ásamt úttektarmanni Þorsteini
bónda Þorsteinssyni á Grund, til þess að meta samn-
gjarnt álag á hús téðrar jarðar, þar ábúandi Árni
Hallgrímsson er búið hefur á jörðunni næstliðinn
4 ár skilar jörðinni undan ábúð sinni og umráðum
til jarðareiganda Hjalmars bónda Egilssonar sem
nú fer að búa á jörðunni. Fráfarandi kvaðst ekki
hafa fengið neitt byggingarbréf hafa en hann tók við
jörðunni er þar úttektargjörð frá 1895 tekin til
grundvallar. Úttektin fer því fram sem fylgir

No 1

Baðstofa 7 3/4 al á lengd 5 1/4 al á breidd með 3. 4 rúðuglugg
um á vesturhlið og einn 4 rúðan heilan en hinar brotnar
en þó hvergi úrfallnar. Húsið er snarað og lítt stæðilegt
þar viðir eru meira og minna fúnir, 4 rúmsinngjörðir
eru í húsinu, og hurð á járnum fyrir baðstofudyrum
með klínku og keng í staf. Veggir eru nokkuð stæðilegir
austurveggur samt. nokkuð snaraður en þak gallað á
vesturhlið

No 2

Göng frá baðstofugangi til bæardyra 9 1/4 al á lengd 1 1/2 al
á breidd hvergi umbotnar en fúin viðir að sumu leiti
dyrastafir eru í göngunum og hurðargarmur til er fylgt
hefur dyra umbúnginum

No 3

Bæardyr 5 3/4 al á lengd 3 al á breidd í 2 stafgólfum
sperrureist með langböndum en upprefti mest af fjal
við, þil er framan undir með hurð á járnum fyrir
með klínku og keng í staf. Skilrúm er í dyrunum með
hurð á járnum fyrir og klínku. dyrnar eru stæðilegar og
viðir ekki að sjá mikið fúnir þak er gatt

No 4

Skáli 5 1/4 al á lengd 3 1/2 al á breidd í 2 stafgólfum sperru
reistur með langböndum á hlið, upprefti á milli langbanda

er að mestu af fjalviði. Hálfþil er framan undir með 2. tveggja rúðugluggum og allar rúður ófallnar. Hús þetta er snarað til austurs og víðar fúið, Veggir til hliða staðilegir en stafn gallaður. Hurð er á járnum fyrir húsinu með hespu. Þak brúklegt.

No 5

Búrhús $4\frac{3}{4}$ al á lengd $3\frac{1}{4}$ al á breidd með einum mæni ás og vegglægjum til beggja hliða með 3 stoðum hvoru megin Viðir eru meira og minna fúnir og veggir talsvert slitnir 2 rúðugluggi er á norður hlið með heilum rúðum. Húsið umbúið á frampart á suður hlið með hurð fyrir á járnum

No 6

Eldhús $5\frac{1}{2}$ al á lengd 3 al á breidd með einum mæni ás og vegglægju. uppreft er þver og langreft og viðir ekki að sjá fúnir. Veggir eru gallaðir en þak gott.

No 7

Skemma $7\frac{1}{4}$ al á lengd $3\frac{1}{2}$ al á breidd sperrureist á 3 stafgólfum með 3 langböndum á hlið uppreft af fjalvið þil er framan undir með áfelldum borðum og vindskeiðum Hurð er fyrir á járnum með skrá fyrir. Veggir og þak er staðilegt.

No 8

Fjós yfir yfir 3 nautgripi með einum mæni ás og vegglægjum til beggja hlið með 4 stoðum undir norður hlið en 3 á suður hlið að öðru leiti þver og langreft með

sem part fúnum við jötur eru fyrir 2 básum með jötustokk Hurð er fyrir á járnum með hespu. Veggir eru staðilegir sömu leiðis þak

No 9

Rangkali til útidyra 4 al $\frac{1}{4}$ al á lengd 2 al á breidd þver og langreftur með gömlum við en þó hvergi umbrotinn. Hurð er fyrir útidyrum á járnum. Veggir bærilegir og þak brúklegt.

No 10

Fjósbotti með talsvert göllunum veggjum.

| | | |
|---|---|---|
| Metið álag á húsið | No 1 | 126. 00 |
| — " — | 2 | 3. 00 |
| — " — | 3 | 2. 00 |
| — " — | 4 | 22. 00 |
| — " — | 5 | 7. 00 |
| — " — | 6 | 6 00 |
| — " — | 7 | 20 00 |
| — " — | 8 | 3 00 |
| — " — | 9 | 1 00 |
| — " — | 10 | 2. 50 |
| | alls | 192, 50 |

Upp í álag þetta er borgað. 2 fjárhús og

tveir hestshúskofar . . . . . 64 00
Parti úr skemmu . . . . 15 00

alls 79 00

Stand. þá eptir 113,50 er fráfarandi lofar að borga fyrir 10 oktober nestkomandi er þá úttektinni lokið.

Ingvar Þorsteinsson  Þorsteinn Þorsteinsson

Árni Hallgrímsson  Hjálmar Egilsson

Ár 1899 mánudaginn hinn 5 júní m var hreppstjóri Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum til staðar á Geithömrum ásamt úttektarmanni Guðmundi Tómassyni í Ljótshólum, til þess að úttaka og meta samgjarnt álag á hús téðrar jarðar. Þar Jóhannes bóndi Sæmundsson sem ábúð hefur haft á jörðinni nefl. 8 ár skilar henni undan ábúð sinni og umráðum til Árna bónda Hallgrímssonar sem nú er fluttur á jörðina, og eru þeir báðir hér mættir, ásamt Þorsteini bónda Þorsteinssyni á Grund er mætir fyrir hönd jarðareiganda, Til grundvallar er framlagt byggingarbréf dagsett 4 júní 1891 og úttektar gjörð 16 júní sama ár úttekinn fer þá fram er sem fylgir

No 1

Baðstofa í 3 stafgólfum 10 al á lengd á breidd 5¼ al með 3 brúðugluggum á vesturhlið og er brúðum ýmist brotnar eða brosnar. Húsið er þiljað í hólf og gólf. Í suðurenda er afþiljað hús með ~~ofn~~ álæstri hurð fyrir. Húsið er ónæraði enn farið að fúna Kringum glugga og á austurhlið í einu stafgólfi. Hurð er á járnum fyrir baðstofudyrunum

No 2

Eldahús 6½ al á lengd 4¼ al á breidd með einum mæni ás þrem bitum langsholtum á báðum hliðum með 6 stöfum undir. Tveggjarúðugluggi er á húsinu og eru báðar rúður brotnar Veggir stæðilegir og þak brúklegt

No 3

Skáli 6 al á lengd 3¾ al á breidd sperrureistur í þrem stafgólfum með langsholtum og 3 stöfum á hlið að öðru leiti fúnar og lángreftur. Hálfþil er fram á hlað með vindskeiðum með 2 tveggjarúðugluggum og eru rúður burtfallnar úr öðrum gluggunum. Veggir eru útstæðilegir. Þak brúklegt

No 4

Búrhús 6¾ al á lengd 4½ al á breidd með mæni ás og einum bita. langsholtum á báðum hliðum með 3 stöfum á hlið fúnar og lángreftur. Þriggjarúðugluggi er á vesturhlið og 2 rúðuglugga á norðurstafni og eru 2 rúður heilar en 3 brotnar. Grind öll er ófúinn en upprefti mæna og mæni a fúið. Veggir gamlir og úr þeim fallið. Þak er brúklegt Hurð er á járnum fyrir húsinu

No 5

Stofa 4½ al á breidd 5 [illegible] al á lengd með þili framan undir með vindskeiðum. Hurð er alþiljuð með lofti 2. 3 rúðu gluggar eru í stofunni og ein 1 rúða sem brotin. uppá lofti eru 2 þriggjarúðugluggar og ein rúða brotin. Viðir eru gamlir og sumpart fúnir. Hurð er fyrir á járnum með skrá fyrir en lítil vantar og er dyraumbúningur skaddur og af sér genginn. Veggir brúklegir þak gott.

No 6

Gang frá Maskínu húsi til bæardyra gál á lengd 1½ al á breidd með 4 bitum og mæni ás 7 stoðum. þak og langrefti með gamlan en brúklegum viði 2 hurðir eru á járnum fyrir göngunum önnur með loku

No 7

Bæardyr með þili að framan með vindskeiðum 4¾ al á lengd 2 al á breidd sperrureist með langböndum og 6 stoðum 3 á hverri hlið. þriggjarúðu gluggi er fyrir ofan dyr með 3 rúðum og er ein rúða brotin. Skilrúmsþil er á milli ganganna og bæardyra með hurð á járnum fyrir

No 8

Fjós yfir 6 nautgripi með 2 mæni ásum og 8 stoðum undir. með vegglægjum og 6 stoðum undir og 2 slitrum á nogg uppreft þak og langreft, í tveimur stoðum sem brotið Mæni ásar venir en sumpart af aðrum við fúið þriggjarúðugluggi er á fjósinu en allar rúður brotnar Veggir tölu vert gallaðir þak er brúklegt

No 9

Fjós ránghali 5 al á lengd 1½ al á breidd má heita fallinn að viðum og veggjum

No 10

Fjós hlaða er tekin 70 hesta heldur vel uppgjörð af viðum en veggir allgóðir nema norðurstafn að utan þak er gott.

No 11

Fjósrangkali 3½ al á lengd 1¾ al á breidd fallinn að viðum og veggjum

12

Fjárhús yfir 30 kindur í slæmu standi, að viðum og veggjum

13.

Fjárrett út á túni í góðu standi

| | | |
|---|---|---|
| Metið álag á húsið | No. 1. | 40 oo |
| — " — | 2 | 22 oo |
| — " — | 3. | 16 oo |
| — " — | 4 | 4 oo |
| — " — | 5. | 30 oo |
| — " — | 6. | 3 oo |
| — " — | 7 | 4.50 |
| | Kr. | 119.50 |

| | | |
|---|---|---|
| Flutt | . . | 119 ; 50 |
| No 8 Metið álag No 8 | . . | 8 oo |
| — " — N 9 | . . | 4 oo |
| — " — N 10 | . . | 4. oo |
| — " — N 11 | . | 13. oo |
| — " — No 12. | | 4 oo |
| — " — No 13 | - . | oo oo |
| | | 132, 50 |

Uppí þetta álag er borgað af fráfarandi

| | |
|---|---|
| Innbygging í Baðstofu með gólfi . . | 61. 70 |
| Fimm ramma umgjörðir . . | 14.75 |
| Hurð fyrir baðstofuhúsi . . | 5 oo |
| Fjárhús út á túni yfir 40 fjár . - | 36 oo |
| — " — " - yfir 30 . . . | 17 oo |
| — " — Lambhúsakof . . | 12 oo |
| — " — Hesthúskof . . . | 4. 50 |
| | 150 95 |

Ingvar Þorsteinsson Guðm. Tómasson,
Jóhannes S. Sæmundsson Árni Hallgrímsson
Þorsteinn Þorsteinsson

Ár 1900 miðvikudaginn hinn 27. júní n. var hreppstjóri Ingvar Þorsteinsson til staðar á Mosfelli með úttektarmanni Þorsteini bónda Þorsteinssyni Grund til þess að úttaka og meta sanngjarnt álag á hús téðrar jarðar frá eiganda jarðarinnar Hjálmari Egilssyni skilar jörðinni undan ábúð sinni og umráðum til viðtakanda bónda Hallgrímssonar. byggingarbréf hefur ábúandi ekki tekið en við úttektina er tekið tillit til úttektargjörðar frá 5 júní 1899

Fram fer því úttektin sem fylgir. —

Hús þau sem jörðinni fylgja og sem lítið er við síðustu úttekt koma öll fyrir í svipuðu ásigkomulagi og þá að öðru leiti en því að þau hafa eðlilega hrörnað þar þau eru full af raka, við skálann hefur það verið gjört að 2 rúðu glugga hefur verið bætt við í þilið og í gánginn er settur 2 rúðu gluggi sem ekki var

| | | | |
|---|---|---|---|
| Er því álag metið á húsið. | No 1 | . . | kr 132.oo |
| á húsið . . | N. 2. | — | 4 oo |
| á húsið . . | N. 3 | | 2. 50 |
| | | | 138 50 |

| | | |
|---|---|---|
| | H. | 138 52 |
| Metið álag á húsið No 4 | | 23 00 |
| — „ — | 5 | 8. 50 |
| — „ — | 6 | 6. 00 |
| — „ — | 7 | 21. 00 |
| — „ — | 8 | 4 50 |
| — „ — | 9 | 1 50 |
| — „ — | 10 | 3. 00 |
| | | alls 206, |

Upp í álag þetta er borgað

| | |
|---|---|
| Fjárhús út á túni yfir 40 fjár | 23. 00 |
| Hesthús þar hjá | 12 00 |
| Hesthús uppá túni | 16 00 |
| Lausviðir | 8. 00 |
| Af Tréspennandi | 10 00 |
| Jarpur hestur 13v. | 60 00 |
| | alls 129 Kr |

Standa þá eptir af álaginu kr. 77 sem fráfarandi lofar að greiða fyrir 10 okt næstkomandi

Kúgildi jarðarinnar er eru afhent í fullgildu standi með 12 ám. Eptir samningum milli fráfarandi og viðtakanda hefur fráfarandi borgað kr. 5 með heyi, fyrir vanhaldi, en þá úttektinni lokið.

Ingvar Þorsteinsson Þorst. Þorsteinsson

Erlendur Hallgrímsson
fr. Hjálmar Egilsson
Kristján Sigurðsson

Ár 1900 mánudaginn hinn 9 júlí m. var hreppstjóri Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum til staðar á Ásum ásamt úttektarmanni hreppsins Jóni bónda Guðmundssyni á Guðlaugsstöðum, til þess að úttaka og meta sanngjarnt álag á hús nefndrar jarðar þar fyrverandi ábúandi hennar Jónas bóndi Bjarnason skilar henni undan 7 ára ábúð, til Jónasar bónda Björnssonar og eru þeir báðir mættir. Jörð þessi var tekin út 12 júní 1893, og húsin lýst nákvæmlega sem öll eru nú með sömu ástandi,

Úttektin fram fer því sem fylgir

No 1

Baðstofa með sömu stærð og úttektargjörðinni 1893 vísar til og er ekki annað að sjá en að hvívetna sje í svipuðu ásigkomulagi utan eina viðu vantar í stafnglugga, og mæna fallið en gólfi við endann hlið í húsinu

No 2

Búrhús með svipuðu ásigkomulagi lagi og við síðustu úttekt. Viðir eru fúnir og mæniás brotinn við austurstafn

No 3

Eldhús er sömu með sömu stærð og í svipuðu ásigkomulagi að öðru leiti en það að þrjú strompurinn hefur verið látinn í það,

No 4

Skáli sem ekki er að sjá öðruvísi en honum er lýst við næstu úttekt utan það að inngangurinn í húsið hefur gallast, og brotnað inn

No 5

Kofi að norðanverðu við bæjardyr með sömu stærð og úttektargjörðin 1893 tilgreinir en er nú spennvíst í veggi með 2 bitum að öðru leiti lángreftur með öðrum gömlum við. Hurð er á járnum fyrir kofa þessum

No 6

Göng frá baðstofu til bæjardyra, brotin inn í einum stað

No 7

Bæjardyr með sömu stærð sem áður er lýst með skúr framan undir, fremsta stafgólf er innbrotið og dyrnar heldur óstæðilegar. og þurfa aðgjörðar

No 8

Fjós yfir 6 nautgripi sem kemur fyrir í svipuðu standi sem áður er lýst, nema að stoð vantar undir vegglægju að norðanverðu

No 9

Ránghali frá dyrunum til heytóttar flatrefturinn og víða innbrotinn

No 10

Fjóstóft er nokkuð stæðileg, nema vestur veggur sem nú er fallinn

Metið álag

| | | | |
|---|---|---|---|
| Húsið No 1 | (Baðstofa) | kr | 78 „ |
| — „ — 2 | Búrhús | | 14 „ |
| — „ — 3 | Eldhús | | 11 „ |
| — „ — 4 | (Skáli) | | 31 „ |
| | | Kr. | 133 „ |

| | | |
|---|---|---|
| | fluttar | kr 133.00 |
| No 5 | Kofi framm í bæ | 16,00 |
| -„- 6 | Göng frá baðstofu | 2.00 |
| -„- 7 | Bæjardyr | 4 00 |
| -„- 8 | Fjós | 20 00 |
| -„- 9 | Rángali | 2 00 |
| 10 | Fjósloft | 2 00 |
| | | 179,50 |

Upp í þetta er virt

| | |
|---|---|
| Kofi heima á hlaði | kr 4.00 |
| Fjárhús út á Túni | 20 00 |
| Sydra lambhús | 13 00 |
| Sydra ærhús | 30 00 |
| Ytra -„- | 20 00 |
| Hesthús | 16 00 |
| Hesthúskofi | 7 00 |
| | Kr, 110.00 |

Svo eptir stendur af álaginu kr. 68,50

Ár 1902 laugardag hinn 14 júní m var hreppstjóri í Svínavatnshreppi Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum til staðar á Geithömrum ásamt úttektarmanni hreppsins Jóni bónda Guðmundssyni á Guðlaugsstöðum til þess að uppskrifa og meta sanngjarnt álag á hús nefndrar jarðar, þar fyrverandi ábúandi Árni bóndi Hallgrímsson er búið hefur á jörðinni næstl. 3 ár skilar henni í dag af ábúð sinni og umráðum til Hannesar bónda Sveinbjarnarsonar og eru þeir báðir hér viðstaddir, einnig er hér viðstaddur eigandi jarðarinnar Þorsteinn bóndi Þorsteinsson á Grund

No 1

Baðstofa í 3 stafgólfum 10 al á lengd. 5¼ al á breidd með 3- 6 rúðugluggum á vestur hlið, og eru 7 rúður þar af brotnar. Hús þetta er þiljað í hólf og gólf ~~með [illegible] í [illegible]~~ enda með hurð á járnum fyrir dyrunum Hús þetta er ekki að sjá svarað, skarsúð er á húsinu ~~og~~ sem af er þiljað og er tölu vert orðin fúin skarsúða á báðum hliðum. Frammpartur hússins er með reisifjöl og er hún víða fúin. Hurð er á járnum fyrir baðstofunni Veggir eru að sjá stæðilegir, en blautir og sjálfsagt farnir að fúna og stöflar á milli glugga eru svaraðir, þak

er með kaflann mikið gallað og þyrfti báðar adgjörðar

No 2

Eldhús 6½ al á lengd 4¼ al á breidd með einum mæni ás 3 bitum laus holtum á báðum hliðum með 6 stoðum undir 2 rúðugluggi er á húsi þessu og báðar rúður brotnar þak og veggir er brúklegt

No 3

Skáli í 3 stafgólfum sperru reistur með hálfþili framm framm á hlað með einum tvegga rúðugluggafagi og eru 3 rúður úrfallnar en 1 heil Hús þetta er allgott að viðum og ásnarað, Veggir að sunnuleiti óstaðlegir en þak gott. dyra um búning vantar

No 4

Búrhús, 6¾ al á lengd 4½ al á breidd með bita og einum mæni ás, Vegglægur eru á báðum hliðum með þrem stoðum undir á hverri hlið, 3 rúðugluggi er á vesturhlið og eru 2 rúður þar af brotnar 2 rúðu gluggi er í norðurstafni með brotnum rúðum Hurð er með læsingu er fyrir húsinu, Veggir eru blautir og að mörguleiti óstaðlegir, þak er brúklegt

No 5

Stofa 4½ al á breidd 5 al ¼ al á lengd með þili framan undir með ornskeiðum 2 þriggja rúðu gluggar eru á þilinu og er ein rúða brotinn, Hús þetta er ónarað til suðurs, með lofti og fjalagolfi hefur upphaflega verið þiljað en þiljur víða úrfallnar, bæði á suðurhlið og við þil yfir höfuð er hús þetta komið að falli og þyrfti báðrar adgjörðar, af þiljaðan uppgangur er uppi í loftið með hurð fyrir sömuleiðis er hurð fyrir stofunni

No 6

Göng frá Maskínu húsi til bæardyra með sömu stærð og uttektinni 1899 fyrir segir og í svipuðu ásigkomu lagi sem þá var

No 7

Bæardyr með sömu stærð og næsta úttekt tiltekur og í svipuðu ásigkomulagi (að oðruleiti en því að nú eru allar rúður í glugga sem eru á þilinu heilar

No 8

Fjós yfir 6 nautgripi í mikið svipuðu ásigkomulagi og næsta úttekt fyrir segir

No 9

Hlangkali til úti dyra og brunnhús, má heita fallinn að viðum og veggum

No 10

Fjóshlaða er tekur 70 hesta með sömu stærð og úttektinni sem næst vísar til og eptir þeirri lýsingu í svipuðu ásigkomu lagi

No 11

Fjárhús yfir 30 kindur í góðu lagi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Metið álag á húsið | No 1. Baðstofa | kr. | 58 00 |
| —″— —″— | 2 Eldhús | | 22 00 |
| —″— —″— | 3 Skáli | | 10 00 |
| —″— —″— | 4 Búr | | 10 00 |
| —″— —″— | 5 Stofa | | 40 00 |
| —″— —″— | 6 Göng | | 4 00 |
| —″— —″— | 7 Bæardyr | | 5,50 |
| —″— —″— | 8 Fjós | | 11 00 |
| —″— —″— | 9 Rangali | | 6 00 |
| —″— —″— | 10 Fjóshlaða | | 8 00 |
| —″— —″— | 11 Fjárhús | | 2 00 |
| | | | 176,50 |

Upp í þetta álag er borgað 188 Krónur

| | | |
|---|---|---|
| Laus viður | fyrir kr. | 9.50 |
| Einhölukofi | —″— | 14 00 |
| Hesthúskofi | —″— | 6 00 |
| Fjárhús yfir 40 fjár | —″— | 36 00 |
| | Kr. | 65 50 |

| | | |
|---|---|---|
| | Flutt kr. | 65,50 |
| Fjárhús niðurbrotið | fyrir | 16.00 |
| Hey við fjárhús | —″— | 8,00 |
| Innbygging í baðstofu m.fl. gólfi | —″— | 58 00 |
| Hurð fyrir baðstofuhúsi | —″— | 4,50 |
| 4 Rúm í umgjörðir | —″— | 10 00 |
| Hesthúskofi | —″— | 2 00 |
| Maskínuhús | —″— | 8 00 |
| | | 172 00 |

Mismuninn, sem er kr. 4,50 lofar fráfarandi að borga viðtakanda og gjöra hann sig ánægðan með það

Ingvar Þorsteinsson Jón Guðmundsson
Þorst. Þorsteinsson
Árni Hallgrímsson Hannes Sveinbjörnsson

Ár 1902 laugardag hinn 9 ágúst var hreppstjóri
Ingvar Þorsteinsson til staðar á Tindum samt úttektar
manni hreppsins Jóni bónda Guðmundssyni til þess
eptir tilmælum jarðareiganda ekkju Ástu Sigurðardóttur
á Beinakeldu að úttaka og meta varningjarð álag á hús
nefndrar jarðar, sem nú [?] 3 ár hefur verið í ábúð Hinriks
bónda Magnússonar, er síðan 1899 og er hann hér viðstaddur
og var jörðinni ekki tekinn út þá hann fór hingað og ekki
síðan 1894. Fyrir hönd jarðareiganda er mættur hreppstjóri
Páll Ólafsson á Akri. — Úttektin fer því fram er sem fylgir
[illegible] " " "

No. 1.

Baðstofa 14½ al á lengd 5½ al á breidd í 5 stafgólfum
með 4 gluggum á suðurhlið og eru það 2 veggjarúðugluggar
og 2 Grindugluggar og eru þar af 4 rúður brotnar. Hús þetta
er alþiljað með fjalagólfi, en þiljur þó sumstaðar fallnar
úr grópi, Viðir í húsinu eru gamlir og fúnir stoðir niðun
klaufnar og fúnar á flestum stöðum, og gólf stórum gallað
7 rúmstæði gjörði eru í húsinu allar gamlar en flestar
brúklegar. Veggir eru ónýtir sömuleiðis þak og yfir höfuð
er hús þetta svo ásigkomið yfir höfuð að tala að það
þarfnast bráðrar aðgjörðar, Tvö hús eru í húsinu sitt

í hvorju endanum með hurð fyrir á járnum með skrám
fyrir en vantar lykil að öðru

No 2

Stofuhús 6 al á breidd 5 al og 3 kvartil á breidd í
2 stafgólfum með þili að framan með 6 rúðuglugga
hvar af 1 rúða er brotinn. Hús þetta er alþiljað, en viðir
gamlir og fúskrir, gólf er stórgallað í einum stað af fúa
sömuleiðis þilið, Veggjarúðugluggi er á lofti með heilum
rúðum. Stiginn hurð er fyrir húsi þessu og það ekki til
nema svarað. Veggir lélegir sömuleiðis þak. Hæðin á
bita er 3 al

No 3.

Bæardyr með alþiljaðu húsi 6 al á lengd í 2 stafgólfum
með litlu porti á breidd er hús þetta 6 al og 15 þuml. Húsið
er með þili að framan með 2 sex 6 rúðugluggum og er ein
rúða brotin, Hurð er með læsingu fyrir húsi þessu og upp-
gangan á loftið er alþiljaðir með hurð á járnum fyrir
Hurð er á járnum fyrir bæardyrum með glugga yfir og
er þar ein rúða brotinn, Viðir í húsi þessu eru góðir
nema þil er farið að fúna að neðan og aurstokkurinn
Veggir eru góðir, þak er gott á norðurhlið en gallað á
suðurhlið

No 4

~~Göng frá bæardyrum til baðstofu 1½ al á lengd 1½ al á~~

No 4

Baðhús 5 al á lengd 5 al ½ á breidd í 2 stafgólfum sperrureist með 4 langböndum á hlið og uppreftir af fjalaið. Viðir í húsi þessu eru fúnir og uppreftir sömuleiðis fallið af langböndum, gluggi er á húsinu með 3 rúðum þar af 2 brotnar. Hurð er á járnum fyrir húsi þessu með læsingu. af breidd hússins er afþiljaður gangur til baðstofu með 2 hurðum fyrir báðum á járnum. Veggir að sjá nokkuð stæðilegir en blautir þak er brúklegt

No 5

Eldahús 7 al ½ á lengd 6½ al á breidd sperrureist 3 stafgólfum uppreftir er þver og langrefti af gömlum við. 3 rúðu gluggi er á suðurhlið þar af ein rúða brotinn Veggir eru stæðilegir, og þak óbrúklegt

No 6

Stemma í 3 stafgólfum 6 al á lengd 5¾ al á breidd í 3 stafgólfum með þili framan undir og er hurð á járnum fyrir, gluggi í þili fyrir ofan bita með 2 rúðum og fyrir ofan dyr, með 3 rúðum og eru allar rúðurnar heilar. Hús þetta er að öllu leiti stæðilegt nema aurstá er brotin. Veggir stæðilegir nema stafn er klofinn, bæði að ofan og neðan þak er gott á norðurhlið en gallað á suðurhlið

No 7

Fjós yfir 6 nautgripi með tilheyrandi þilum milli bása og jötustokkum. Hús þetta er gamalt að viðum og veggjum en stæðilegt með góðu þaki og þriggja rúðu glugga og eru 2 rúður brotnar. Hurð er á járnum fyrir húsinu Ránghali til útidyra er stæðilegur með hurð á járnum fyrir

No 8

Fjárhús yfir 24 sauðkindur gamalt og hrörlegt að viðum og veggjum og innbrotið á norðurhlið

No 9

Fjóshlaða 14 al löng 4½ al á breidd viðir eru gamlir og fúnir, og á 4 stöðum eru mæniraftar brotnir. Veggtægjur eru á báðum hliðum með stoðum undir í miðjum veggjum yfir höfuð er hús þetta svo óstæðilegt að það er óbrúkandi nema með mikilli aðgjörð bæði til veggja og viða

No 10

Smiðja með þili framan undir með hurð fyrir á járnum toppreist með 2 sperrum með kálfum milli sperra. Viðir eru gamlir og nokkrir. þak og veggir mjög lélegt

Útlag er metið

| | | |
|---|---|---|
| á húsið No 1. Baðstofa | kr. 250 | 00 |
| — „ — „ 2 Stofa | 64 | 00 |
| — „ — 3 Skáli | 20 | 00 |
| — „ — 4 Eldahús | 16. | 00 |
| — „ — 5 Búrhús | 20 | 00 |
| — „ — 6 Skemma | 18. | 50 |
| — „ — 7 Fjárhús | 6 | 00 |
| — „ — 8 Smiðja | 6 | 00 |
| — „ — 9 Fjóshlaða | 32 | 00 |
| — „ — 10 Fjós | 12 | 00 |
| alls kr. | 444. | 50 |

Eptir tilm. elsu umboðsmanns jarðareiganda eru hús sem á jörðinni eru virð af úttektarmönnum sem segir.

| | | |
|---|---|---|
| Tvístafna hús úti á Túni | kr. 22 | 00 |
| Syðra hús — „ — | 25 | 00 |
| Ytra hús — „ — | 23 | 00 |
| Hesthús | 14. | 00 |
| Leigulíðs bót að hluta ábúanda | 37 | 50 |
| kr. alls, | 111, | 50 |

Fleyra kom ekki til álits og er þar úttektinni lokið

Ingvar Þorsteinsson Jón Guðmundsson

Ár 1900. Laugardaginn hinn 9 júní m. var
hreppstjóri í Svínavatnshreppi Ingvar Þorsteinsson
í Sólheimum til staðar í Stóradal ásamt úttektar-
manni hreppsins Jóni bónda Guðmundssyni á
Guðlaugsstöðum, til þess að úttaka og meta sam-
kvæmt álag á hús nefndrar jarðar, og lýsa ásigkomu-
lagi þeirra, þar jörð þessari er nú skilað undan
ábúð, dánarbús Jóns sál. Jónssonar frá Stóradal
en viðtakendur eru bændurnir Finnbogi Stefánsson
og Páll Jónsson sem báðir eru hér viðstaddir
en fyrir hönd dánarbúsins er mættur bróðir
Pálmi bóndi Jónsson á Ytrilöngumýri

Úttektin fer því fram sem fylgir

No 1

Baðstofa 20 ½ al á lengd 5 ½ al á vídd innan stafa
Hús þetta er í 7 stafgólfum og þiljað í hólf og gólf
2. afþiljuð hús eru sitt í hverjum endar hvort 2 stafgólf
bæði skrálæst, þilstofan er að hálfuleiti undir [illegible]
húsi með 2 gluggalögum, og 3 rúður í hverjum glugga
á suðurhlið eru 6 gluggafög með 3 rúðu gluggum

og eru allir gluggar tvöfaldir, í gluggum þessum eru
15 rúður brotnar, fornir af innri gluggum eru lítið fúnir
en hinir allir sérdeilis innri gluggar mikið fúnir og
sumir sem ónýtir, Hús þetta er nokkuð snarað, og viðir
farnir að fúna til muna einkum í hornum, og ~~kringum~~
kringum ofnpípu. Í húsi þessu eru 9 rúm, 5 föst og
4 lausarúm. Í föstu rúmunum eru gisnir fjalabotnar
Hurðir á járnum við baðstofudyr, suðurveggur á húsi
þessu er gallaður að þvíleiti að steinar eru farnir að
losna og ganga út í neðri hluta veggjarins en að öðru
leiti er hann að sjá stæðilegur. Norðurveggur er [illegible]
[illegible] mikið gallaður, og að líkindum klofinn því hallar
vantar til austurs, Þak á suðurhlið er mikið gallað og
á norðurhlið í 3 stöðum sundurslitið en brúklegt á
þeirri hlið að öðruleiti

No 2

Maskínuhús, 5 ½ al á hvern veg alþiljað með lofti yfir að 3 fjórðu
pörtunum, Hús þetta er að sjá stæðilegt og viðir ófúnir
það er með reisifjöl og 6 rúðu meiri glugga hvar af
3 rúður eru brotnar, Hús þetta er lítið eitt snarað til
norðurs, Timburstrompur með fótuskjóla er á húsinu
Þak á suðurhlið er brúklegt en á norðurhlið lakara.
Timburgólf er í húsi þessu sem víðast gallað

No 3

Bearadyr med afpiljuda kamersi. Húsi der 5½ al á brudd 5. og 15 [illegible] i lengd, alpiljad med reisifjöl og gólfi og lofti og tvöfalda pili framan undir med 2en Bruda gluggafajorm og einum friggja rúdu glugga, Skrálast hurd á jarnum er fyri kamersina og fyri bearadyrenn er hurd á jarnum med læsingu, 3 rúdur eru brotnar i gluggenn á húsi pessu, Gólf i beardyrenn er gólf trisjad og táluvert fúid, Þak er trosad á sudurhlid en á nordurhlid betra

No 4.

Stofa, 9 al á lengd 5½ al á brudd med trefirhusi og klædaskáp med framanskrálastum hurdum 3. Brudugluggenn nedri og eina upp á lofti og eru 7 rúdur brotnar. Húsed er alpiljad med lofti og gólfi. Stofan og svefnherbergid er málad. Hús pette er ósnarad og eptir sem séd verdur ófúid, Veggir eru gamlir en nokkud stadilegir, Þak á sudurhlid er talsvert gallad en betra á nordurhlid.

No 5

Eldhús 8 al langt, 6 al breitt á 4 stafgólfum med Bruda mæni glugga hvar af 2 rúdur eru brotnar. Hús pette er lítid eitt snarad til nordurs en ad ödru leiti vel stadilegt og vidir ófúnir sem séd verdur, Lítilfjörlegur timburtrampur er vid austurstafn, Þak er lélegt. Pil er framan undir á jarnum med skrálastri hurd fyrir

No 6

Búrhús 11 ½ al á lengd 6 al á brudd med 6 sperrum langböndum og ad mestu leiti med reisifjöl, langbönd er brotid á sudurhlid. I frammpartinum er skilrumspil med hurd fyrir. Tvennar dyr eru á húsi pessu med hurdum á jarnum og læsing fyrir annari, Úr húsinu er gengid i stofu loft med stiga, Grind i húsi pessu virdist ekki fúinn en yfir vidir fúnir. Tvö gluggafög eru á mæni annad med 6 rúdum en hitt med 4, og eru 7 rúdur brotnar. Veggir eru vel stadilegir en med talsverdum galla á einum stad. Þak er slæmt á sudurhlid en brúklegt á nordurhlid

No. 7

Sudurskemma 9 al og 9 pl á lengd 4 al ½ á brudd sperru reist á 4 stafgólfum og 3 langböndum á á hlid med sterku uppreft. Húsid er dálitid snarad framm en vidir ad sjá ófúnir, Pil er ad framan med skrálastri hurd fyrir og er 2ja rúdu gluggi á pili og er önnur rúdan brotinn Veggir og Þak er slæmt

No 8

Nordurskemma 11 al á lengd 5½ al á brudd á 4 stafgólfum portbygd med lofti og reisifjöl. Pil er ad framan med glugga á lofti med 3 rúdum og er ein brotin, Hálfstafur er á austur med 3 gluggum hvar af 2 eru nidri enn einn á

lofti med 3 rúdum og eru allar rúdur brotnar í gluggunum
nedri en heilar í glugga á lofti Hús þetta er lítid eitt snarað
viðir eru allir sterkir en ornir gamlir og feisknir. Hurd er
á járnum fyrir húsi þessu med skrá og lykli, Veggir eru
gamlir nokkud stædilegir en þó galladir, þak er gallad en
stædilegt

No 9

Fjós yfir 10 nautgripi med 5 básum vid hvorn stafn med
skilrúmum af timbri á milli med 20 stodum á misjafna-
lengd med 2 mænir ásum og vegglægum uppreft ad mestu
þverreft Húsid er mikid snarad og vidir fúnir, Veggir
slæmir og sumstadar óbrúkandi Hurdar garmur á
járnum er fyrir húsi þessu, Ranghali til dyra uppi
standandi en hrörlegur og er hurd fyrir honum á
járnum

No 11

Fjóshlada yfir 230 heyhesta Undir mænirás og vegglægum
eru 17 stodir med misjafnri lengd, uppreft þverreft
Vegglægja er brotin á einum stad og 4 raftar sumt af
vidunum er fúid og lélegt Vesturveggur og sudurstafn er
komid ad falli en austurveggur og nordurstafn er
stædilegt. þak er brúklegt

No 12

Smidja 6½ al á lengd 4 al á brudd í 2 stafgólfum
og sperrureist med vegglægum og eru þær brotnar á
þrem stödum Tvenn langbönd eru á hlid og mæniströð
þil er framan undir med glugga og er sú heil Vidir eru
gamlir og þeirra ölla fyrirkomid Hurd er á járnum
fyrir húsi þessu med hespu Veggir og þak brúklegt

No 13

Vallargardur fyrir utan og ofan tún ad meira og minna
Galladur og óvídaheita griphelldur ofan ad hlid sem á honum
er fyrir utan hesthúsid, áframhald af gardinum fyrir
nedan hlid er betur gjördur og er þar vída griphelldur skurdur
er med gardinum er trúi frá túninu med vatnshalla
skurdur med gardi er fyrir sunnan og nedan tún ad sjá brúklegur
og gód byrgjun en þó þarf skurdur þessi endurbót med því ad
laga framrennsli vatnsins svo þad falli ekki ad gardinum

Stóradalssel

No 1.

Badstofa 8 al löng, 4 al 14 þ. á brudd í 3 stafgólfum
med reisifjöl og gólfi í millirúmi í 2 stafgólfum en vantar gólf í fremsta
stafgólf 3 fjögrarúdu gluggar eru á austurhlid og eru 2 rúdur
brotnar, 2 innri stafgólf eru alþiljud med reisifjöl Fremsta
stafgólf má heita gjörsamlega fallid og 2 innri stafgólf eru tandur
glidnud og stodir sjálf. af þarnar ad bila, 3 rúms umgjörder fylgja
sem eru í húsinu, Veggir eru nokkud stædilegir og þak brúklegt

No 2

Búrhús 5 al langt, 4 al á brudd, má heita gjörfallid ad vidum og
veggjum

No 3

Eldhús 5 al langt, 4 al breitt í 2 stafgólfum sperrureist

með 3 bitum 2 við stafna og einum á miðju gólfi, viðir eru að sjá litið fúnir og hvergi innbrotið, 2 timburstrompar eru en báðir lélegir,

No 4.

Göng frá baðstofu til útidyra $10\frac{1}{2}$ al á lengd 2 al á breidd Hurð er brúkleg fyrir útidyrunum en vantar aðra tóm Skránka er fyrir Göngin eru ekki innbrotinn en viðir frá fúnir, Hurðarflak og stafir eru í göngunum

No 5

Geymslukofi 5 al og 3 kv á lengd $3\frac{1}{2}$ al á breidd sperrureistur í 2 stafgólfum með gömlum og fúnum viðum, veggir meiga heita gjörfallnir og þak ónýtt Hurð er á járnum fyrir kofa þessum

álag metið á Selhúsin

| | | | |
|---|---|---|---|
| No 1. | Baðstofa | Kr | 60 oo |
| N. 2 | Búrhús | — | 28. oo |
| N. 3 | Eldhús | — | 7 oo |
| N. 4 | Göng | — | 4 oo |
| N. 5 | Geimslukofi | — | 25 oo |
| | | alls. | 124. kr. |

Tvö fjárhús fyrir ofan bæ, í allgóðu standi að öðru leiti en það vantar 2 rafta í annað húsið og garðaband á 6 faðma

Tvö fjárhús fyrir utan læk, syðra húsið er lítt stæðilegt, og vantar í það 2 mællarrafta en ytra húsið er nokkuð betra og getur staðið án aðgjörðar

Hesthúskofi sem getur staðið ef bætt er við 2ur röftum sem nú eru fallnir

þar sem í inngangnum er talað um að álag sje metið á húsin í Stóradal en nú hefur Umboðsmaður og ábúandinn og viðtakandi komið sér saman um að hlíta áðurnefndum skoðun og lýsingu á húsum jarðarinnar í þetta sinni

Fleira kom ekki til álita og er henni því lokið.

Ingvar Þorsteinsson Jón Guðmundsson

Fimbogi Stefánsson
Gísli Jónsson
J. Jónsson

Ár 1906 miðvikudaginn 20. júní m. var hreppstjóri Svínavatnshrepps Ingvar Þorsteinsson í Sólheimum, ásamt úttektarmanni hreppsins Jóni óðalsbónda Guðmundssyni á Guðlaugsstöðum til staðar á Eldjárnsstöðum, til þess samkvæmt tilmælum umráðanda og ábúanda jarðarinnar, að skoða, lýsa og meta til peningaverðs hús þau sem á jörðinni standa.

Lýsing á húsunum er, sem hjer segir:

1. Baðstofa 8½ ál. á lengd, og 6 ál. á breidd hvorttveggja utanmál grindarinnar. Hús þetta er í þremur stafgólfum með 4um 2ja rúðu gluggum, (5 rúður brotnar) með 4 rúmstunggjörðum og þilgólf á milli rúma; þiljur í kring ofan á miðjaveggi. Stoðir allar ónýtar undir vestur hlið og með norðurstafni, og stafnbiti þar ónýtur, sem og allir viðir í norðasta stafgólfinu nema eitthvað af fjölum í þiljum. Gluggar allir ónýtir. Allt er hús þetta snarað. Vesturveggur fallinn og þak gjelegt.

2. Búr 6 ál. á lengd og 4 ál. á breidd. Hús þetta er með mæniás með 4 stöðum undir. Reft af mæniás á veggi til beggja hliða. 2 litlir gluggar eru á þekju þessu með rúðubrotum. Veggir eru gamlir og gjelegir, þak brúklegt. Viðir allir gamlir og mjög fúnir.

3. Eldhús, 4 ál. á lengd og 3½ ál. á breidd með 2ur mæniásum og bita, en engri stoð. Veggir gamlir og mjög gallaðir. Þak brunnið og gjelegt.

4. Skáli 7½ ál. á lengd og 4 ál. á breidd, í 3ur stafgólfum, með bust þili fram á hlaðið með 1um glugga með 4um rúðum (2 rúður brotnar). Viðir gamlir og mikið fúnir. Veggir og þak mjög gjelegt.

5. Stofa 6 ál. á lengd og 4 ál. á breidd (hvorttveggja utanmál grindarinnar), með lopti og gólfi, alþiljuð. ½ al. port, þremur sperrur, og 3 langbönd á hlið, og 10 spyrnuleggir í uppreftí á hlið. Í gólfinu eru fúa göt. Hús þetta er ekki mikið snarað niðri en uppi er það mikið snarað fram. Bust þil er fram á hlaðið og 1, 4ra rúðu gluggi niðri (vantar eina rúðu) og 1, 4ra rúðu gluggi uppi (vantar 2 rúður). Viðir allir gamlir og feysknir og sumpart fúnir. Veggir og þak þvínær ónýtt.

á suðurhlið. Göng eru til fjóss, þverreft með hellum, samansigin og niðurfallin. Hurðarskrifli ónýtt er fyrir dyrunum. Ilm, þak gamalt og lélegt-önnur jarn ekki. —

8.

Kofi norðan undir fjósi 7 ál. 3½ ál. Fallinn inn að viðum. Veggir tölvert gallaðir, en nothæfir. — Viðirnir: 3 bitar (góðar spítur), 5 stoðabútar (3 góðar spítur), 2 brúnásar lélegir, 3 kálfasperrur. Yfirviður nokkur, en mest lélegur. Dyraumbúningur og hurðarflak á járnum fyrir.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Álag metið | á | húsið | nr | 1 | | kr. | 370.00 |
| —"— | —"— | —"— | —"— | 2 | | —"— | 85.00 |
| —"— | —"— | —"— | —"— | 3 | | —"— | 75.00 |
| —"— | —"— | —"— | —"— | 4 | | —"— | 65.00 |
| —"— | —"— | —"— | —"— | 5 | | —"— | 45.00 |
| —"— | —"— | —"— | —"— | 6 | | —"— | 35.00 |
| —"— | —"— | —"— | —"— | 7 | | —"— | 110.00 |
| —"— | —"— | —"— | —"— | 8 | | —"— | 85.00 |
| | | | | Samt | | kr. | 870.00 |

Fleira var ekki óskað eftir að væri skoðað. Álagið kr. 870,00 — átta hundruð og sjötíu krónur — greiðist fráfarandi að fullu til landsdrottins.

Úttektinni lokið.

Bjarni Jónasson Jón Hróbjartsson

Jóhannes Helgason Árni Ólafsson

Sveinn Guðmundsson

# Syðrilöngumýri árið 1920

Mánudaginn 21. júní 1920 voru úttektarmaður hreppsins Jón Hróbjartsson og settur úttektarmaður hans Jón Jónsson í Stóradal staddir að Syðrilöngumýri til að skrifa lýsing á þeim húsum jarðarinnar, sem skilað er úr 10 ára ábúð Jóns Gíslasonar til landeiganda og Bjarna Jónassonar og meta hæfilegt álag á húsin fyrir ábúðartíma Jóns. F.h. landeiganda mætti Páll Hannesson á Guðlaugsstöðum.

Höfðu þeir svo skoðun og er lýsing þeirra er hér fer á eftir miðuð við skoðunargjörð er fór fram 13. júlí 1910 og þess eins getið um hvert hús sem frábrugðið er þeirri lýsing.

1.

Baðstofan hefir verið lengd í austur í 2 álnir. Sá hluti hennar ~~sem~~ er gamall virðist vera líkur og 1910 að öðru en því að

a. fótstykki að sunnan er bilað og sömuleiðis ~~ytta~~ gólfborð

b. tvenna ytri glugga vantar í; að eins 5 rúður brotnar.

c. brunablettur er á gólfi undan eldavél.

Aðrar skemdir sjást ekki en að sjálfsögðu hefir þó baðstofan gengið úr sér við aldur.

2.

Búrið hefir verið gert upp með reisifjöl [úr kössum] 1 sperran og 1 vegglægja eru brotnar og viðurinn mikið fúinn og húsið stórgliðnað.

3

Eldhús virðist vera í mjög svipuðu lagi og áður.

4.

Stofan. Þiljurnar á suðurhlið og í norðausturhorni eru nokkuð gengnar úr skorðum; 1 gólfborð er brotið og undirlögin eru fúin allmikið í ~~vestur~~ hlið norðurenda. Í glugga er að eins 1 rúða brotin.

5.

Bæjardyr og loft í líku lagi og áður. Í skilrúmsþil í loftinu vantar alt að því helming af þiljum og munu svo hafa verið er fráfarandi tók við. Þakið lélegt

6.

Göng milli bæjardyra og eldhúss hafa verið gerð upp. Mænirás vantar og 6 raftar á hlið.

7.

Skemman. Í loftið vantar 1 borð 6 ál. og 1/2 gólf í 1/2 stafgólf í loftið auk þess 1/2 stafgólfs er áður

vantadi. Í frampilinu eru tvö brunagöt — þakið að sumar lílegt.

8.

Fjósið virdist vera í líku lagi og áður. Jötustokkar hafa þó verið endurbættir og hlaðinn partur úr vegg.

9. og 10.

Rangalinn er nýviðgerður með 5 ál rekaviðartré vönu og 16 ráftum á 2 ál. og smáspreki um. Brunnhús vel uppreft.

11.

Samstaduhús upp undan bænum yfir 90 kindur alveg óstæðileg stórsnöruð ýmsir viðir brotnir og yfirleitt talsvert fúnir.

12.

Fjárhús yfir 35 kindur með 6 sperrum 12 gardastodum 16 veggstodum og árefti. 2 rúðu gluggi er á húsinu. Húsið er mikið snarað að framan. Leigulidi hefir lengt húsið um 2 ál.

13.

Hesthús kofi yfir 4 hross hefir verið reftur upp. 2 máriásar er liggja á veggi öðrum megin en á stoðum hinum megin. Sex raftar eru öðrum megin en 4 hinum megin. ~~Annar~~ hliðveggur er ~~A~~fsprunginn inn.

Álag

á framangreind hús metið sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | á 1. hús | | Kr. 150.00 |
| 2. | – 2 – | | 25.00 |
| 3. | – 3. | | 5.00 |
| 4. | – 4. – | | 90 00 |
| 5. | – 5. | | 20.00 |
| 6. | – 7. | | 55.00 |
| 7. | 8. | | 35.00 |
| 8 | 11 | | 200.00 |
| 9. | 12 | | 5.00 |
| 10 | 13. | | 10.00 |
| | | Samtals | 595.00 |

Aftur fer fráfarandi uppbót sem ~~hér~~ hér segir

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | á 6. hús | | Kr. 20.00 |
| 2 | – 9 og 10 – | | 15.00 |
| | | Samtals | 35.00 |

Þá voru metin til verðs hús og girðing er leigulidi á á jörðunni og landeigandi ~~til~~ kaupir samkvæmt því eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hesthús upp frá bænum | Kr. 100.00 |
| 2. | Hesthús tvídgrað sudur frá bænum | 100 00 |
| | | Flyt. 200 00 |

flutt Kr 200.oo

3. Fjárhús 120.oo

4. Hesthús við það — 160.oo

5. Girðing um túnið [garður undir henni er hruninn á 16 faðma kafla] 175.oo

6. Viðbót við baðstofuhús 120.oo

Alls 775.oo

Þá var ákveðið að viðtakandi leiguliði Bjarni Jónasson skyldi hafa til afnota þessi hús.

1. Austurhús í baðstofu þar með talin 2 ál. viðbót er leiguliði hefir gert. Viðbót þessi lítur vel út að ......; leiguliði hefir gert. Viðbót þessi lítur vel út að aur sláin undir stafninum hefir bilað og horn stoðir sigið niður svo þilstafninum bungar inn.
2. Miðbaðstofu að hálfu.
3. Búr sjá nr. 2 í lýsing hér að framan
4. ½ eldhús
5. ½ skemma
6. ½ stofa
7. Bæjardyr og loft yfir þeim.
8. Fjós að ½.
9. Fjárhús nr 12.
10. Sarnstaðahús

Á sarnstaðahúsin fær leiguliði 200 kr í álag, er greiðist með hesthúsinu upp undan banann og túngarða hesthúsinu, gegn því að hann endurbæti húsin og minnst álag það, er hann greiði við burtför sína, við úttekt komulag húsanna 1910.

Mismuninn á matinu á mannvirkjum fráfaranda, er landeigandi kaupir öll, og á álagi því fráfaranda ber að greiða greiddi landeigandi að fullu með Kr. 215.oo

Úttektinni lokið.

Þór Hróbjartsson Jón Jónsson.

Guðrún Arnljótsdóttir Jón Gíslason

Bjarni Jónasson.

# Höllustaðir

## 1921.

Þriðjudaginn 7. júní 1921, var Jón Jónsson bóndi í Stóradal, settur hreppstjóri Svínavatnshrepps, staddur á Höllustöðum, ásamt Jónasi bónda Bjarnasyni í Litladal, sem vegna forfalla úttektarmanna hreppsins, var tilkvaddur til að vera við úttekt á nefndri jörð,

sem eigandinn Sigurbjörg Jónsdóttir, afhendir
nú við ábúð sinni, til Guðmundar Kristmunds-
sonar, er tekur jörðina til ábúðar.
Hlutaðeigendur mættu báðir við úttektina
og komu sjer saman um, þar sem eigand-
inn ekki treysti sjer til að svara álagi á
hús jarðarinnar, að einungis væri skrifuð
lýsing á húsum jarðarinnar en ekki metið
álag á þau.
Hús þau er skulu vera til að afhenda við-
takanda voru þessi.

1.

Baðstofa 10½ × 6 ál. Stafa hæð 1¾ ál. hæð
mæni 4½ al. Sótrum enda afþiljað hús með
hurð á járnum. Hús þetta er með reisifjöl á
langböndum, og að mestu þiljað í kring
Timburgólf nema undir þremur föstum
rúmstæðum, sem fylgja. Húsið er nokkuð
snarað og mjög fornt, þó ekki út fyrir að viðir
sjeu ekki mjög fúnir nema stöður sjerstak-
lega undir mænir bilit, og undirlögin undir
gólfi eru sjáanlega sem ónýt, og gólfið mjög
ljelegt. Nokkrar þiljur sjálfar eru dottnar úr,
en munu flestar vera til. 3 gluggar með tveim
rúðum hver eru á baðstofunni, rúðurnar flest-
ar brotnar, og tveir gluggarnir grautfúnir.
Útlit hússins er yfir höfuð mjög ljelegt.

2.

Eldhús 6½ × 4 ál. þremur sperrum, 3 bitar
og 6 stafir 3¼ al. á lengd. Hús þetta er gamalt
en stæðilegt. Hurð engin, nýr dyra umbúningur.

3.

Búr 5 × 5 ál. með þremur sperrum, 3 bit-
um og 6 stöfum, en engir bitar á ás, eitt lang-
band vantar á hálfa lengd hússins. Hús þetta
lítið snarað, en viðir lítlir og gamlir. Hurð
á járnum.

4.

Bæjardyr 6 × 3¾ ál. með ½ al þili og loft
í botninum, og fylgir stigi til uppgöngu. Hús þetta

er mikið snarað, viðir mjög fornir, en ekki
innbrotnir. Þil er bortum fram en undir, gam-
all gjörð og fúið sjer staklega að neðan. Hurð
með klinkum og lokulaus.

5.

Innaf bæjardyrum er hús, jafn stórt bæjar-
dyrunum, með þremur sperrum og 3 bit-
um, ein sperra og einn biti brotið. Viðir til-
verk miklir, en sjáanlega mjög gamlir.
Þilinu milli þessa húss og bæjardyra er úr
ofléttum bortum. Hurð er engin. Frá húsi þessu
uppgangur til baðstofu innbrotinn.

6.

Skemma 9×5 ál. lagt með ½ al. þætti
Þil fram en undir úr ofléttum bortum.
Húsið þetta nokkuð snarað, viðir sæmilega
miklir en gamlir. Hurð með hespu.

Að öllum þessum húsum eru veggir
snaraðir og rotnir og sumir gjörfallnir svo
sem framstafn í baðstofu. Þak eru sömu
leiðis rotin og allvíða gjört inní viði.

7.

Fjós yfir 4 gripi, með mæniás og tveim hlið-
arásum, nýlega upp byggt og sæmilega viðað,
þak ónýtt. Húsi þessu fylgir gangur frá
úti dyrum til heytoptar & 10 al. langur,
þver reftur með hellugrjót viðum, og lítt innganga-
legur, sökum þess hve lágur hann er.

8.

Samstætt fjárhús með 2 görðum, og komast
30 kindur á hvern þeirra, en húsið af mjög
ótæmi 9½ al. á breidd. Mæniás 8 al. langur
með 4 stoðum 3½ al. á lengd. Hliðarásar með
stoðum. Húsi þetta er snarað mjög vel viðað
og talsvert innbrotið. Garðastokkar gjörðir en
garðabönd engin. Veggir að mestu ónýtir, og
húsið að öllu óstæðilegt.

9.

Fjárhús yfir 40 kindur, sæmilega viðað, en
önnur króin sligað, og annar hliðveggur fallinn.
Við fleiri húsum en hjer eru talin, tekur út-

takandi ekki, sem jardarhúsinu.

Þá óskaði viðtakandi, að úttektarmenn mettu til peningaverðs fjárhúskofa, er Sveinn Ingimundarson, er veit hafði húsmaðurinn á, jörðinni átti þar, og var mat þeirra 70 krónur.

Ennfremur óskaði hlutaðeigandi að úttektarmenn mettu til peningaverðs, leifar af stofu sinni við bæjardyr, sem viðtakandi óskaði að fá keyptar, og varð mótið á því 110 krónur.

Fleira ekki óskað álits á, og var því gjörðinni lokið.

Jón Jónsson. Jónas B. Bjarnason

Guðm. Kr. Melld

Sigurbjörg Jónsdóttir

# Gunnfríðarstaðir 1921.

Miðvikudaginn 15. júní 1921 voru settur hreppstjóri Jón Jónsson og ~~eitt~~ Sigurjón bóndi Þorláksson á Tindum (með því að úttektarmenn hreppsins voru forfallaðir) til staðar á Gunnfríðarstöðum til að taka út hús og mannvirki jarðarinnar.

Auk ofannefndra mættu við úttektina jarðareigandi Jón Hróbjartsson, fráfarandi Karl Jónsson á Mosfelli, sem skilar jörðunni úr 9 ára ábúð og viðtakandi Guðmundur Kristmundsson.

Úttektin fór svo fram sem hér segir:

1

Baðstofa 6·6 ál á stærð stoðhæð er 2 ál en hæð í mæni 4 ál (með 4 kálfasperrum). Stoðir eru alls 8 og langbönd 7.; á suðurhlið er tvöfaldur gluggi með 6 rúðum (11"·12") 1 rúðu vantar og önnur brotin. Baðstofan er alþiljuð nema gólf vantar undir 2 rúmstæðum sem í henni eru. Fyrir baðstofunni er hurð á járnum nokkuð gölluð.

Baðstofan er 28 ára nokkuð snöruð; ein sperra talsvert fúin og annar bitinn og sömuleiðis lausholt og neðsta langband að norðan og síðan þeim megin, stoðir þeim megin virðast og fúnar. Hliðarþiljur eru 2½ ál hæð þiljur í öðrum stafni 2 ál undir bita en í hinum 32" þilja

urnar eru gallaðar en ekki mjög fúnar. Bitar undir gólfi eru fúnir 4 borðin í gólfinu (8" breið hvert) eru mjög fúin. Suður kampur gallaður en vesturveggur og þak sæmilegt.

2.

Gangur frá baðstofu með fram eldavélarhúsi 5 ál á lengd 1½: breidd vel uppi reftur.

3.

Eldavélarhús 5⅓ · 5 ál á stærð stoðhæð 3 ál, 4 sperrur og bitar, árefti er 8 borð 6".1". á hlið. Mæniglugga er á húsinu með 2 stórum rúðum; Skjöldahurð á járnum skráarlaus. Húsið er nýlega uppgert, Skilrúmsþil úr panil er milli fyrnefnds gangs.

4.

Búr 7 ál · 4 ál með 4 sperrum 3 bitum og 6 stoðum 3 ál hæð: 4 ál af húsinu eru þiljuð suðsdar en hitt þétt vel upprefl. Austurstafn milli þessa húss og eldhúss vantar. Stafnglugga 2 rúðna er að vestan. Hurð engin. Húsið nýgert af gömlu efni

5.

Eldhús 5½ · 3½ ál með 3 sperrum og bitum, 6 stoðum 2½ álahæð. Húsið er nokkuð snarað og gallað.

6.

Bæjardyr 6 ál · 2 ál á stærð 4 sperrur 3 bitar og 6 stoðir. Fyrir bæjardyrunum er hurð á járnum með klinku og loku og 2 borð hvorum megin við dyraumbúning.

7.

Fjós yfir 3 nautgripi með 2 mæniásum (öðrum brot) skilrúm er á milli básanna; jötur engar. Húsið er samt upprefl, viðir þó farnir að fegjast. Veggir mjög bilaðir. Hurðarflak er fyrir dyrunum. Gangur til dyra sæmilega uppi.

8.

Fjárhús yfir 40 fjár með 2 mæniásum 27 máttar röftum reftum á veggi að mestu 9 garðastoðum 1 rúðu gluggi. Húsið er gamalt og viðir nokkuð fúnir; þak slæmt.

Álag á framangreind hús var metið sem hér segir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | á 1. hús | Kr | 250,00 |
| 2. | – 4. – | – | 25,00 |
| 3. | – 5. | – | 25.00 |
| 4. | 7. – | | 30.00 |
| 5. | 8. – | | 15. |
| | Samtals. | | 385.00 |

Þar sem hlutaðeigendur koma sér saman um greiðslu álagsins er úttektargjörðinni lokið

Jón Jónsson. Sigurjón Þorláksson

Þóri Hróbjartsson

Guðm. Kr. Melað Karl Jónsson

## Mosfell. 1921.

Miðvikudaginn 15. júní 1921. voru til staðar á Mosfelli settur hreppstjóri Jón Jónsson og Sigurjón Þorláksson bóndi á Tindum sem úttektarmenn, til að taka út hús jarðarinnar og meta álag á þau, þar sem jörðinni er nú skilað úr 7 ára ábúð Benedikts Helgasonar til Karls Jónssonar. sem báðir voru við úttektina og auk þeirra jarðeigandi Björn Eysteinsson í Hamrakoti.

Síðasta úttekt er frá 1913 og er vísað til hennar að því leyti sem húsum hefir ekki verið breytt.

Úttektin fór svo fram sem hér segir:

1.

Baðstofa er 10 · 6 ál. á stærð með 7 sperrum 3 bitum og skarsúð úr borðum 1" og 12 stoðum og 2 lausholtum. Hæð undir risi er 2½ ál en 4½ í mæni. Hálf þilstafn er í austur með 4 rúðu glugga (19·12½" hver) ein rúðan brotin á suðurhlið er 2 rúðna gluggi en aðra rúðuna vantar. Þiljur fylgja ekki húsinu nema fyrir austurstafni og af gólfi fylgja að eins 5 borð 6 ál. Spjaldahurð er fyrir húsinu með lélegri skrá. 3 rúmstæði eru í húsinu (fylgja)

Baðstofan er að eins 7 ára gömul en annað lausholtið er ~~þá~~ grautfúið og gluggakista talsvert og flest borð í súð meira og minna fúin og stoðir sennilega nokkuð, en sperrur lítið. Veggir bilaðir. Lélegt þak.

2.

Búr er nú sama fyrirkomulagi og ~~við~~ 1913 en allar sperrur og biti brotin og súð gjörfúin.

3.

Eldhús er hið sama og 1913 og í líku lagi.

4.

Bæjardyr og baðstofugangur er hið sama og 1913 en hefir nokkuð hrörnað.

5.

Skemma 6½ · 3¾ ál. á stærð með 3 sperrum og bitum og 8 stoðum. Þilstafn er framan undir uppi að bita, í þil er hurð á járnum með hespu: Veggirnir slæmir, en þakið gott.

6.

Fjós yfir 2 kýr 6 · 4 ál á stærð með 4 sperrum og bitum vel uppi reft. Tvær hurðir á járnum með hespum. Veggir sæmilegir. þakið gott. Skilrúm milli bása, 2 jötur. Gluggi með 1 rúðu (16·12")

7.

Hesthús á Gerði 6 · 4 ál. með mænis 3" 3", 3 mæniröftum 3 garðastoðum og 3 veggstoðum dyraumbúningi og hurð á járnum úr heilum borðum. og góðri stallfjöl.

Álag var metið á húsin sem hér segir

| | | Kr |
|---|---|---|
| 1. á | 1. hús | 150.00 |
| 2 – | 2 – | 50.00 |
| 3. – | 3. | 20.00 |
| 4 – | 4. – | 30.00 |
| 5. – | 5. | 25.00 |
| 6. – | 6 | 20.00 |
| | Samt. | 295 |

Á móti þessu metið sem fráfarandi á á jördinni:

| | | Kr |
|---|---|---|
| 1. | Innviðir í badstofu | 100.00 |
| 2. | Hesthús uppi á túni | 65.00 |
| 3. | Tvö fjárhús — — — | 155.00 |
| 4 | Fjárhús á Gerði | 100.00 |
| | Samt. | 420.00 |

Með því ekki var óskað skoðunar á fleiri mannvirkj-um var úttektinni lokið

Jón Jónsson. Sigurjón Þorláksson
Björn Eysteinsson Karl Jónsson

## Rútsstaðir 1921.

Fimtudaginn 16. júní 1921 vóru settur hreppstjóri Jón Jónsson í Stóradal og úttektarm. Jón Hróbjartsson á Gunnfríðarstöðum staddir í Rútsstöðum til að skoða hús og mannvirki jarðarinnar og meta hæfilegt álag á þau fyrir þau 4 ár sem jörðin hefir verið í ábúð Björns Magnússonar. Fráfarandi er viðstaddur og viðtakandi Sigurjón Oddsson sem er eigandi ½ jarðarinnar og Sigurbj. Ólafsd. eigandi hálflendunnar.

Úttektin fór fram sem hér segir:

1.

Badstofa 8 ára gömul sú sama og 1915. Verðist lítið fúin Fyrir ofnpípu hefir verið gert nýtt gat á þil og annað á ris. 1 rúða í glugga er brotin, gadd vantar og handfang á badstofuhurð bilað.

2.

Búr sama og 1915. Einn vegglægjan brotin og hornstoð in inst að norðan og biti því siginn. Að öðru virðist húsið í líku lagi og áður.

3.

Eldhús í líku lagi og 1912, en nokkuð snarað. Gangur inn í eldhúsið 2⅔ ál. 19" þverrefter á veggi og innbrotinn.

4

Eldavélarhús líkt og 1915. Þó er 1. langband brotið og 1 rúða vantar. Gangur milli þess og badstofu er og í svipuðu lagi og áður.

5.

Stofa er lík og hún var 1917 nema 2 rúður eru brotnar

6.

~~Bo~~ Bæjardyr í svipuðu lagi og 1915 nema 2 langbönd eru brotin og þak slæmt.

7.

Skáli er sami og síðast. 5 langbönd eru brotin og vegglægja á 2 ál. og 6 rúður vanta og krók í dyrastaf. Þak lélegt mjög

8.

Fjós er hið sama og áður, en er nú algjörlega óstæði legt af því hvað það er snarað, ofan bita, en viðir virðast lítið brotnir. 3 rúður brotnar og hurð vantar fyrir gang í hlöðu. Gangur í hlöðu og rangali til útidyra í sæmilega lagi.

9.

Samstæðuhús sudur og uppi á túni sömu og áður, lítið snörud, máttarviðir góðir, árefti talsvert bilað. 3 ál. borð

vantar í skilrúm og þoppu á hálfan þilstafninn, annan gluggann og 2 rúður í hann.

10.

Heyhlaða við þessi hús sama og áður, en er nú fallin nema 2 syðstu stafgólfin. Margar stoðir eru þó allgóðar en langbönd og sperrur mjög léleg.

11.

Hesthús suður á túni sama og áður. Gerðastokkar og skilrúm í garða og rúður í glugga vanta.

12.

Túngirðing sama og áður óþjárheld sem stendur vegna þess hvað hún er slök. Stólpar ábrotnir, en virðum talsvert ryðgaðir. Hliðgrindur flestar eitthvað gallaðar, aurslár og yfirslár í 2 hliðum sýðilagðar.

13.

Sámstaðahús úti á túni sömu og áður, snöruð svo að liggur við falli. Í milligerð vanta 2 borð alls 20' og 3 rúður.

Álag á þessi mannvirki var metið:

| | | |
|---|---|---|
| | Kr. | 40.00 |
| 1. á 1. hús | – | 20.00 |
| 2. – 2. – | – | 12.00 |
| 3. – 3. – | | 10.00 |
| 4. – 4. – | | 12.00 |
| 5. – 5. – | | 8.00 |
| 6. – 6. – | | 16.00 |
| 7. – 7. – | | 55.00 |
| 8 – 8 – | | 173.00 |

| | | |
|---|---|---|
| | flyt: Kr | 173.00 |
| 9. á 9. hús | | 30.00 |
| 10 – 10 – | | 95.00 |
| 11 – 11 – | | 32.00 |
| 12. – 12 | | 58.00 |
| 13. – 13. | | 55.00 |
| | samtals | 443.00 |

Hér á móti metið: viðar sem fráfarandi á á jörðunni á Kr. 45.00

Af ofangreindu álagi skuldbindur fráfarandi sig til að borga landeigöndum Kr. 118.00 auk ofannefnds viðar og sleppa þeir þarmeð tilkalli til alls frekara álags.

Úttektinni þar með lokið.

Jón Jónsson. Jón Hróbjartsson

Björn Magnússon Sigurjón Oddsson

Sigurbjörg Ólafsdóttir

Eiðsstaðir 1921.

1

Föstudaginn 17. júní 1921. voru settur hreppstjóri Jón Jónsson í Stóradal og úttektarm. Jón Hróbjartsson staddir á Eiðsstöðum til að skoða og lýsa húsum þeim sem fylgja hálflendu þeirri sem nú er skilað úr ábúð Sigurðar Þorsteinssonar til Páls Jónssonar og meta álag á þau. Viðtakandi er mættur en fyrir hönd fráfarandi, sem gjafi framt er eigandi; mætti Jónas Bjarnason í Litladal.

Úttektin fór svo fram sem hér segir

1.

Baðstofuhús í norðurenda baðstofu um 24 ára gamalt. 7·6 al á stærð, hæð 3 ál undir vis en 4 3/4 í mæni með 6 sperrum 2 járnbitum og 2 endabitum og skarsuð úr skífum, alþiljað með skrálæstri hurð og 2 gluggum 4 rúða.

Lausholt; og þilstykki að vestan gjáanlegt stórbilað, súðin dálítið sveigð og vottar nokk. að fyrir fúa í henni; sperrur dálítið bognar og þiljur gallaðar. 4 rúður brotnar.

2.

Búr 10½ · 5 ál. hæð undir bita 2¾ al í mæni 4¾ með 6 sperrum og bitum með þéttum langböndum en lélega yfirrefti ~~(Timburskilrúm með hurð á járnum er yfir þvert húsið í miðju)~~ Þil er fyrir þeim enda búrsins sem að ganginum veit með hurð á járnum. Tveir gluggar með 2 rúðum hvor. 2 rúður brotnar.

3.

Eldhús 8½ · 5 ál. stafhæð 3 ál og 2 ál vis með 4 sperrum og bitum og 2 skammbitum. Þil fyrir endanum sem fram í göngin veit með hurð á járnum með hespu. Hús þetta er örlítið snarað en viðir góðir.

4.

Skáli að norðanverðu 7½ · 4 ál þortbyggður, hæð undir loft 2¾ ál. Þil framan undir með glugga með 6 smárúðum gull-udum. Loft er í 6 ál af húsinu (2½ á hæð í mæni) með stiga og hálfþilstafni í vestur með 1 rúðu glugga, á austurþili er og 1 rúðu gluggi. Húsið er talsvert mikið snarað og, norðurveggur liggur við falli, ein stoð brotin. Í húsinu eru 4 sperrur og 2 portbitar. Gangur er frá skálanum til bæjardyra 2 ál. á lengd þver og langreftur með hurð á járnum og lélegri skrá.

5.

Bæjardyr 7¾ · 3½ ál portbyggðar hæð í sperrukverk 5¼ al. með 4 sperrum og bitum upprefti með gömlum fjalvið. Þil er framan við með hurð með klinku og loku og 1 rúðuglugga niðri og 2 rúðugluggi uppi. Viðir heillegir og en gamlir.

6.

Gangur frá bæjardyrum til baðstofu 12½ al · 1¾ ál. með ýmiskonar upprefti. Timburgólf er í 4½ ál. af göngunum. 1 vegglagja og skóskífa brotin og upprefti gamalt. Yfir ganginum milli búrs og eldhúss 5 ál. ~~tans~~ x 2 ál, loft; gólf þess úr heilum borðum.

7.

Fjós yfir 6 nautgripi með 2 mæniásum 6 máttarrátum og 5 stoðum undir hverjum ás. Flórgangur er bak við

jöturner með suðurvegg. Jötustokkar sem eru tvöfaldir og skilrúm milli bása eru léleg. Tvær hurðir með hespum fyrir fjósinu. Fjósið er einhölufjós en í veggnum bak við flórinn er út-bygging yfir 3 nautgripi með 2 mæniásum og 2 vegglægjum. Veggir 3 [peak] alls hússins eru mjög slæm. Húsið stórsnarað og áreftið mjög lélegt.

8.

Fjárhús út og niður á túni ~~með~~ yfir 35 kindur með 2 mæni-ásum og vegglægjum 60 máttarröftum og 17 stoðum, áreftis-laust. ~~Húsið~~ Viðir virðast vera nokkuð fúnir. Hurð á járn-um með hespu.

Álag á framantalin hús metið:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á 1. húsið | | Kr. | 135.00 |
| 2. – 2. – | að hálfu | | 15.00 |
| 3. – 3. – | — | | 12.00 |
| 4. – 4 – | | | 35.00 |
| 5. – 5 – | að hálfu | | 10.00 |
| 6. – 6. – | – – | | 8.00 |
| 7. – 7. – | – – | | 55.00 |
| 8. – 8. – | | | 40.00 |
| | | Samtals. | 310.00 |

Hér á móti var metið sem viðtakandi kaupir af fráfaranda:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Lausaviðir og viðstokkur með botni | Kr 25.00 |
| 2. | ½ þiljur og innbygging í búri | 15.00 |
| 3 | Fjárhús sydra á hólnum | 150.00 |
| 4 | — nordara – | 105.00 |
| | | 215 |
| 5. | ½ brunnumgjörð | flutt kr 295.00 |
| | | 2.00 |
| 6. | Hesthús á hólnum | 125.00 |
| | | 422.00 |

Þá var óskað skoðunar og lýsingar á:

<u>Girðing</u> frá götum suður og upp á hólnum út fyrir ofan tún og niður með því að utan ofan í læk fyrir utan og neðan túnið. Girðingin er tvíþætt gaddavírsgirðing á nýlega uppgerðum garðlagi ~~a~~ ofan við túnið, en á gömlu hálfföllnu garðlagi að norðan. Í girðingunni eru 43 tréstaur-ar af ýmsri gerð, á henni eru 3 hlið með hliðstólpum og vírstreng yfir, en grindalaus. Tveir staurar brotnir. Girðing-in er nýleg og virðist ógallaðar að sjá, en afar slakur og víða laus af stólpum.

Ennfremur er óskað skoðunar á eftirgreindum húsum, sem þó verða ekki nú afhent viðtakanda jarðar-innar, með því að þau verða fyrst um notuð af jarðareig-anda og fyrv. ráðskonu hans.

1.

Hús framan við baðstofu sunnan við göngin 4: 3 ál. stærð alþiljað, undir sama risi og göngin. Reisifjölin er ~~ver~~ mjög þunn og fúin og yfir bita fyrir ~~austur~~ vesturenda vantar þiljur. Mæni-gluggi með 2 rúðum, en umgjörð mjög fúin. Skrálaust hurð fyrir húsinu.

2.

Kofi norðan undir bænum 7 · 5½ ál. á stærð og 3 ál undir ris

með 4 sperrum 12 bitum og 12 stoðum, á suðurhliðinni er þaktjárn en að norðan er reft þill með borðum. Hurð á járnum með hespu er fyrir húsi þessu, 4 rúðu gluggi.

3.

Hesthúskofi út og niður á túni, einhöluhús, tál. lengt, með 1 manns og vegglagja, 6 máttaröftum og 6 stoðum, árefti lélegt; hurð með hespu.

Hæfilegt álag á þessi hús eins og nú stendur metið:

| | | |
|---|---|---|
| á | 1. húsið | kr 30.00 |
| — | 2. — | 12.00 |
| — | 3 — | 25.00 |

Ekkert orkugildi sem jörðunni fylgir er áður afhent.

Hlutaðeigendur sömdu sjálfir um greiðslu á mismuninum á verði virtra húsa, sem viðtakandi kaupir og álagi því sem hann fær á jarðarhúsin

Úttektinni lokið:

Jón Jónsson. Jón Hróbjartsson

Páll Hjaltalín Jónsson Jónas B. Bjarnason.

# Hraun 1922

Föstudaginn 2. júní 1922, voru hreppstjórinn í Sómavatnshreppi Bjarni Jónasson á Leysilönguumýri og varaúttektarmaður Páll Hannesson bóndi á Guðlaugsstöðum, staddir á Hrauni til þess að skoða og lýsa húsum nefndrar jarðar, sem nú er skilað undan 6 ára ábúð Valdimars Jónssonar. — Við úttektina mætti fráfarandi og eigandi jarðarinnar Helgi Jónsson á Stapa í Lýtingsstaðahreppi. Jörðin er óbygð um sinn.

Hús jarðarinnar eru þessi:

1.

Baðstofa.

Sama skerð og við síðustu úttektir (1916 og 1912). — Skemmdirnar á suðurhlið hafa stórum ágerst. Lausholtin sjáanlega fúin og gluggarnir skeldir og þiljur missignar. — Að öðru er baðstofan með líkum ummerkjum. —

2

Eldhúsfarhús. —

Sama skerð og við úttektina 1912. Húsið virðist í nokkurn veginn líku ástandi og 1916, að öðru en að hurðin er í burtu. —

3.

Búr

Sama skerð og 1912, en húsið hefir verið gert upp síðan 1916. Nú er það sperruvirki: 3 sperrur og 8 langbönd. Árefti snúgrautt, gömul. Alt fremur veikvirki, nema biti í miðju. Hurð (veik) á járnum fyrir dyrum

4.
Eldhús.

Sama stærð og 1912. Uppgert síðan 1916. Annar mæniásinn nýr og eitthvað af röftum. Svo er og nú hurð fyrir á járnum.

5.
Göng

frá útidyrum til búrs og baðstofu. Sama stærð og 1912. Uppgert síðan 1916. Mæniás í þremmulagi. Þverreft yfir með smágreinum. Máttarviðir brotnir undir mæniás. — Þrjár hurðir. Fjórða hurðin sem bókfærð er 1912, er nú talin vanta fyrir eldiviðarhúsið. —

6.
Kofi

Norðurskemman hefir verið rifin og gerður upp í tóttinni kofi flatreftur á veggi. Fjórir máttarviðir, venju smáviður gamall yfir. Þilið, sem var framan undir skemmunni er í burtu. Sjálf hurð á lömum, en læsingarlaus, fyrir dyrum. Suðurveggur kominn að falli. —

7.
Skemma (syðri skemman)

Hún er með sömu stærð og ummerkjum og við síðustu úttektir.

8.
~~Sama stærð~~ Fjós.

Sama stærð og 1912. Viðirnir gamlir og fúnir og er húsið komið að falli, bæði að viðum og veggjum. Göngin til fjóss og tóttar, sem áður voru hellureft hafa verið gerð upp síðan 1916. Mæniás með 1 bitagjörð spíli. Smágreinar yfir. — Tvær hurðir fjelegar fyrir fjósi og göngunum. —

Var þá metin leigulíðabót á hús þessi fyrir ábúðartíma Valdimars:

| | | |
|---|---|---|
| Leigulíðabót á húsið nr 1 | Kr. | 12.00 |
| — " — — " — — " — 2 | — " — | 3.00 |
| — " — — " — — " — 6 | — " — | 4.50 |
| — " — — " — — " — 7 | — " — | 3.00 |
| — " — — " — — " — 8 | — " — | 3.00 |
| | Samtals kr. | 25.50 |

Aftur fer frá farandi uppbót á húsið nr. 3 kr. 3.50

Eftir kr. 22.00,

sem er leigulíðabót fyrir byggingartíma Valdimars. Valdimar hafði tekið við 62 kr. álagi, og ber honum því að svara samtals 84 kr. í álag. —

Upp í þetta framvísaði fráfarandi peningshúsum, sem hann átti á jörðunni og voru þau metin sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Grundarhús . . . | kr. | 35.00 |
| 2. Ytra fjárhús suður frá | — " — | 30.00 |
| 3. Einkofa fjárhús — " — — " — | — " — | 15.00 |
| 4. Syðra fjárhús — " — — " — | — " — | 25.00 |
| | " Kr. | 105.00 |

Mismuninn kr. 21.00 greiddi jarðareigandi fráfaranda.

Um fleira var

ekki leitað álits, og var úttektinni þar með lokið.

Bjarni Jónasson. –

Páll Hannesson

Helgi Jónsson Valdimar Þórsson